



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Um kynslóðamun í íslensku táknmáli

Rannsókn á kynslóðabundnum málfrasmun í íslensku táknmáli

Ritgerð til B.A.-prófs

Kristbjörg Helga Sigurbjörnsdóttir

Maí 2011

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Táknmálsfræði

Um kynslóðamun í íslensku táknmáli

Rannsókn á kynslóðabundnum málarsmun í íslensku táknmáli

Ritgerð til B.A.-prófs

Kristbjörg Helga Sigurbjörnsdóttir

Kt.: 140788-3099

Leiðbeinandi: Rannveig Sverrisdóttir

Maí 2011

Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um það hvort kynslóðabundinn munur sé á málfari heyrnarlausra á Íslandi.

Í upphafi er rætt um kenningar um tilbrigði í tungumálum. Þar er fjallað um tilbrigði sem finnast bæði í raddmálum og táknumálum, auk þess sem ástæður þessara tilbrigða eru ræddar. Meðal annars er fjallað um málfélagsleg tilbrigði auk þess sem rætt er um þær félagslegu takmarkanir sem geta stuðlað að og haft áhrif á tilbrigði máls. Kyn, aldur, félagsleg staða, menntun, svæðaskipting, bakgrunnur einstaklinga og þjóðerni hafa verið viðfangsefni ýmissa rannsókna um málfélagsleg tilbrigði. Einnig er rætt um þróun tákna úr stakhandartáknum yfir í tvíhandatákn auk þess sem tilbrigði á milli ólíkra táknumála eru rædd.

Farið er yfir sögu menntunar heyrnarlausra hér á landi vegna þess að líklegt þykir að kynslóðabundinn málfarsmunur heyrnarlausra hér á landi stafi meðal annars af ólíkri menntun sem einstaklingar fengu í uppvexti sínum. Þar er fjallað um mismunandi kennslustefnur sem voru við lýði hverju sinni og sagt frá hvernig kennslustefnur þróuðust frá óralstefnu, þar sem táknumál var bannað, yfir í tvítyngisstefnu, þar sem áhersla er lögð á að einstaklingar verði jafnvígir í íslensku og íslensku táknumáli.

Því næst er rætt um rannsókn höfundar á kynslóðabundnum mun í íslensku táknumáli. Þar er greint frá því hvernig rannsóknin fór fram og hverjar niðurstöður hennar eru. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að þó nokkur málfarsmunur sé á milli kynslóða í samfélagi heyrnarlausra á Íslandi. Munurinn er að sjálfsögðu mismikill eftir táknum eins og gengur og gerist í öllum tungumálum, bæði táknumálum sem og raddmálum. Oft og tíðum er það einungis eitt tákni sem ein kynslóðin notar sem hinar nota ekki og þá er talað um kynslóðamun að einhverju leyti. Munur getur einnig verið einstaklingsbundinn og þó svo að munur sé á málfari eftir kynslóðum getur einnig verið einstaklingsmunur innan hvers kynslóðar. Oft og tíðum var mestur munur á milli yngstu og elstu kynslóðarinnar og mætti eflaust útskýra þann mun með menntunarbakgrunn viðmælenda í huga því að kennsluaðferðir og kennslustefnur í kennslu heyrnarlausra hafa breyst mikið í gegnum tíðina.

Í lokin er rætt um það hversu mikilvægar rannsóknir á þessu sviði eru fyrir

sögu máls og menningar í samfélagi heyrnarlausra og þá nauðsyn að halda slíkum rannsóknum áfram.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	3
Inngangur.....	6
1. Tilbrigði í tungumálum.....	8
2. Tilbrigði í táknmálum.....	12
3. Menntun heyrnarlausra á Íslandi	20
4. Rannsókn á kynslóðabundnum mun í íslensku táknmáli	24
4.1 Framkvæmd rannsóknar	24
4.2 Greining.....	27
4.3 Niðurstöður.....	52
Lokaorð	55
Heimildaskrá	56
Viðauki	58

Um kynslóðamun í íslensku táknmáli:

Rannsókn á kynslóðabundnum málfarsmun í íslensku táknmáli

Inngangur

Rannsóknarspurningin sem höfð var að leiðarljósi við framkvæmd rannsóknarinnar sem hér er til umfjöllunar er sú hvort kynslóðabundinn munur sé á notkun tákna á meðal heyrnarlausra á Íslandi. Þessi rannsóknarspurning er sett fram með það að leiðarljósi að rannsóknir á erlendum táknmálum hafi sýnt fram á ýmis konar tilbrigði í táknmálum, meðal annars kynslóðamun, þó svo að ekki fari jafn mikið fyrir umræðum um rannsóknir á slíkum tilbrigðum eins og um önnur tilbrigði. Ég ákvað að gera rannsókn á þessu vegna þess að á þeim stutta tíma sem ég hef kunnað og verið að læra táknmál hef ég tekið eftir miklum fjölbreytileika í táknanotkun og mér þótti forvitnilegt að vita hvort þessi fjölbreytileiki væri tilviljanakenndur eða hvort einhver ástæða lægi að baki honum. Mér fannst líklegt að munurinn stafaði af mismunandi aldri fólks, bæði vegna þess að öll tungumál þróast með tímanum og á það einnig við um táknmál, og vegna þess að heyrnarlausir fengu misgóða menntun og þar af leiðandi hafa eflaust ekki allir sama táknsforða. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að töluverður kynslóðamunur er á málfari heyrnarlausra á Íslandi, munurinn er þó mismikill á milli tákna og kynslóða.

Í þessari ritgerð verður fjallað um rannsókn sem gerð var á kynslóðabundnum mun í íslensku táknmáli, ÍTM, og ástæður sem gætu legið þar að baki auk þess sem fjallað verður um almenn tilbrigði í raddmálum og táknmálum. Auk þess verður fjallað um sögu menntunar heyrnarlausra hér á landi. Fyrst mun ég fjalla um tilbrigði í tungumálum almennt. Því næst verður farið yfir tilbrigði í táknmálum almennt. Þar á eftir er kafli sem fjallar um það hvernig táknmálskenntu var háttað á Íslandi hér áður fyrr. Í þeim kafla er farið stuttlega yfir sögu táknmálskenntu á Íslandi og sagt frá því hvaða áhrif raddmálsstefnan svokallaða hafði á menntun heyrnarlausra. Rannsóknin sem gerð var fyrir þessa ritgerð kemur svo á eftir þeim kafla og þar er greint frá aðferðum við rannsóknina og söfnun gagna auk þess sem niðurstöður verða

kynntar.

Eftir því sem best er vitað er sú rannsókn sem hér er kynnt sú fyrsta af þessu tagi sem unnin er á málsamfélagi heyrnarlausra hér á landi.

1. Tilbrigði í tungumálum

Tilbrigði finnast í öllum tungumálum og eru þau ekki tilviljanakennd. Val einstaklings á því hvaða tilbrigði málsins hann notar fer eftir ýmsum þáttum tengdum tungumálinu og félagslegum þáttum sem endurspegla málfræðileg kerfi þess. Val einstaklinga á milli hinna ýmsu tilbrigða í tungumálinu bæði endurspegla og mynda að einhverju leyti það félagslega fyrirkomulag samfélagsins sem málnotendur tilheyra (Lucas, Bayley og Valli 2001:1).

Rannsóknir á málfélagslegum (e. *sociolinguistic*) tilbrigðum fjalla um athuganir á þeim þáttum sem geta verið breytilegir í raddmálum og hvað það er sem stjórnar breytingunum. Rannsóknir á raddmálum hafa lagt frumdrög að sambærilegum rannsóknum á málfélagslegum tilbrigðum táknmála og hafa þær verið byggðar á rannsóknum raddmála að einhverju leyti (Lucas o.fl. 2001:62).

Raddmál samanstanda af ýmsum hljóðum. Þessi hljóð eða jafnvel einungis ákveðnir þættir þeirra geta verið breytileg og koma þessar breytingar til dæmis fram í mismunandi mállyskum (Lucas o.fl. 2001:63). Mikilvægt er að gera rannsóknir á tilbrigðum í tungumálum, bæði í radd- og táknmálum, til þess að öðlast skilning á tungumálum almennt og tilbrigðum þeirra. Með því að gera samanburð á tilbrigðum tveggja ólíkra táknmála og á tilbrigðum raddmála er hægt að gera sér grein fyrir því hvað einkennir tungumál án tillits til miðlunarháttar, auk þess sem hægt er að gera sér grein fyrir því hvaða sjónrænu þættir eru einstakir í tungumálum (Johnston og Schembri 2004:82). Það er á ýmsan hátt hægt að líkja tilbrigðum raddmála og táknmála saman. Í raddmálum til dæmis, getur raddblær fólks verið breytilegur sem og framburður og á sama hátt geta handform, myndunarstaður tákns og afstaða verið breytilegir þættir í táknmálum (Lucas o.fl. 2001:90-91). Í raddmálum er síðasta hljóð orðs oft ekki borið fram og það sama er hægt að yfirfæra á táknmál, en þá er kyrrstöðu til dæmis sleppt á milli hreyfinga í táknum. Það getur einnig verið á hinn bóginn í táknmálum, en þá er hreyfingu bætt inn á milli tveggja kyrrstöðu tákna (Lucas, Bayley og Valli 2001:24-25). Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þessum einkennum tungumála vegna þess að tilbrigði eru óaðskiljanlegur hluti af tungumáli mannsins (Johnston og Schembri 2004:82).

Félagslegar takmarkanir eins og kyn, aldur og þjóðerni hafa verið

viðfangsefni ýmissa rannsókna um málfélagsleg tilbrigði. Þessar takmarkanir þurfa þó að vera mjög skýrar þegar þær eru rannsakaðar og fram þurfa að koma meiri upplýsingar með takmörkununum. Þetta á sérstaklega við um rannsóknir á málfræðilegum tilbrigðum í samfélögum heyrnarlausra. Atriði eins og félagshagfræðileg staða eða jafnvel aldur er ekki hægt að fá lánuð beint úr rannsóknum á tilbrigðum í samfélagi raddmála. Munurinn á rannsóknum á samfélögum táknmála annars vegar og raddmála hins vegar er tvenns konar. Í fyrsta lagi eru takmarkanir eins og aldur, sem alla jafna hefur sama gildi alls staðar, en í samfélagi heyrnarlausra gætu slíkar takmarkanir haft aðra merkingu vegna sögu heyrnarlausra og samfélags þeirra. Í öðru lagi eru takmarkanir eins og tungumálabakgrunnur, en heyrnarlausir hafa sérstakan tungumálabakgrunn sem er afar ólíkur tungumálabakgrunni heyrandi (Lucas o.fl. 2001:95).

Þegar litið er til takmarkana líkt og kyns, aldurs, þjóðernis og svæðisbundins bakgrunns í rannsóknum á tilbrigðum raddmála skiptir miklu máli að endurskoða þær takmarkanir þegar þær eru færðar yfir á rannsóknir á táknumálum. Svæðisbundinn bakgrunnur eða hvar fólk ólst upp er ekki eins mikilvægt og hvar fólk lærði táknmál og hvar það gekk í skóla, þ.e. hvort það var heimavistarskóli og hvort skólinn aðhylltist raddmáls- eða táknumálsstefnu við kennslu. Þegar aldur er skoðaður sem málfélagslegt tilbrigði getur hann haft ólík áhrif á tungumálatilbrigði vegna ólíkra tungumálastefna í skólum fyrir heyrnarlausra á 20. öldinni. Mismunur á táknumáli eldra og yngra fólks getur verið vegna þess hve ólíkir aldurshóparnir eru eða vegna náttúrulegra tungumálabreytinga sem eiga sér stað í öllum tungumálum. Þessi munur getur einnig stafað af stefnubreytingum í menntun, eins og breytingu úr raddmálsstefnu yfir í alhliða boðskipti (*e.total communication*) þar sem táknumál er einnig leyft (nánar verður rætt um alhliða boðskipti hér á eftir í kaflanum um menntun heyrnarlausra á Íslandi) eða breytingu úr alhliða boðskiptum yfir í nálgun á tvítýngi. Þessar tungumálastefnur höfðu áhrif á nálgun heyrnarlausra barna á viðeigandi tungumál. Þessi nálgun sem börnin fengu á tungumálið gæti hafa varað í þó nokkurn tíma og farið að hafa áhrif á þau tilbrigði sem sjá má í tungumálum í dag (Lucas o.fl. 2001:95).

Félagslegar takmarkanir verða til vegna sérstakra einkenna samfélags heyrnarlausra. Tungumálabakgrunnur þeirra sem taka þátt í rannsóknum er eitt þessara sérstöku einkenna sem skipta miklu máli í slíkum rannsóknum. Flestir

þátttakenda í rannsóknum á tilbrigðum í raddmálum öðluðust mál sitt sem fyrsta mál frá foreldrum sínum sem hafa málið að móðurmáli, auk þess sem þeir lærðu það af áhrifum úr umhverfinu. Í samfélögum heyrnarlausra voru þátttakendur sem fengu ekki sömu nálgun á tungumál sitt frá unga aldri og þeir heyrandi fengu vegna þess að það er ekki sjálfgefið að heyrnarlaus einstaklingur fæðist inn í heyrnarlausa fjölskyldu þar sem foreldrarnir kunna táknmál. Þar að auki er ekki víst að heyrnarlausir foreldrar hafi fengið móðurmálið sitt frá unga aldri frá sínum foreldrum vegna vankunnáttu í málinu. Ef allir þátttakendur sem öðluðust mál sitt frá öðrum en foreldrum sínum væru útilokaðir frá rannsóknum á málinu yrðu rannsóknirnar ekki marktækar vegna þess að þá myndu þær ekki sýna hina réttu mynd af samfélagi heyrnarlausra. Í rannsóknum á tilbrigðum í táknmálum þarf að taka tillit til þess að tungumálabakgrunnur heyrnarlausra er um margt ólíkur þeim bakgrunni sem heyrandi einstaklingar hafa (Lucas o.fl. 2001:96).

Það sem einnig er talið vera takmörkun fyrir rannsóknir á tilbrigðum í tungumálunum er menntunarbakgrunnur þátttakenda. Það skiptir miklu máli hvort heyrnarlausir fóru í heimavistarskóla eða almennan skóla vegna þess að það getur haft mikil áhrif á táknmálskunnáttu þeirra. Það sem skiptir máli og hefur áhrif á táknmálskunnáttu einstaklinganna er það hvort þeir lærðu eðlilegt táknmál frá unga aldri frá fullorðnum táknmálstalandi einstaklingum eða hvort þeir lærðu málið seinna meir og tilheyrðu samfélagi heyrnarlausra seinna á ævinni. Það skiptir miklu máli á hvaða aldri einstaklingarnir lærðu það táknmál sem tilheyrir þeirra samfélagi auk þess sem það skiptir miklu máli hvort málið sem þeir lærðu var táknuð enska, eða það raddmál sem á við á hverjum stað, eða hvort þeir lærðu það táknmál sem tilheyrði þeirra táknmálssamfélagi (Lucas o.fl. 2001:97).

Í Ástralíu eru heyrnarlausir stöðugt undir áhrifum enskunnar. Flestir heyrnarlausir alast upp hjá heyrandi foreldrum og hafa heyrandi kennara í skóla. Foreldrarnir og kennararnir nota þá ekki ástralskt táknmál (Auslan) heldur nota þeir einhvers konar táknakerfi byggt á ensku, þ.e. ef þeir nota einhver táknið yfir höfuð. Á sínum fullorðinsárum eru flestir heyrnarlausir dags daglega í samskiptum við heyrandi, bæði í vinnu og daglegu amstri, en fæstir þeirra kunna táknmál. Heyrandi einstaklingar í lífi heyrnarlausra, sem kunna eitthvað í táknmáli, eiga það oft til að tala eða hreyfa varirnar með þegar þeir

tákna. Þar sem táknmál hefur ekkert ritmál fara öll skrif og allur lestur fram á ensku og því er það óhjákvæmilegt að heyrnarlausir verði fyrir áhrifum raddmálsins og fólksins í samfélaginu. Auslan er undir miklum áhrifum frá enskunnni þó svo að þessi tvö mál séu langt því frá að vera eins (Johnston og Schembri 2007:40).

2. Tilbrigði í táknmálum

Árið 1960 kom Stokoe fram með kenningar um að táknmál hefðu þrjá grunnþætti sem væru framkvæmdir samtímis. Þessir þrjú grunnþættir eru handform, staðsetning og hreyfing (Valli o.fl. 2005:23). Síðan þá hafa málvísindamenn viðurkennt að táknmál hafi sjálfstætt málfræðikerfi óháð málfræðikerfi þess raddmáls sem á við hverju sinni. Gerðar hafa verið rannsóknir á hinum ýmsu sviðum táknmála og talað er um að þrátt fyrir að táknmál hafi sjálfstætt málfræðikerfi þá samsvari félagsleg málvísindi táknmála, raddmálum á ýmsan hátt. (Lucas, Bayley og Valli 2001:4-5). Rannsóknir á tilbrigðum hafa verið gerðar á nokkrum táknmálum og helstu niðurstöður þeirra verða ræddar hér á eftir.

Tilbrigði finnast í ýmsum myndum í ameríska táknmálinu, ASL, til dæmis í ólíku orðasafni fyrir ákveðin hugtök, en með því er átt við að það geta verið til nokkur tákn fyrir sama orðið. Aðrar gerðir tilbrigða finnast í hljóðkerfisfræðinni, en með því er átt við að ýmis tákn geta verið mismunandi á milli tákna en þá er það oft einungis ein breyta í tákni sem er ólík öðrum táknum (Lucas, Bayley og Valli 2001:2-3). Málfélagsleg tilbrigði í táknmálum snúast um það að hægt sé að segja sama hlutinn á marga vegu. Ástæðurnar fyrir slíkum tilbrigðum geta verið af ýmsum toga, svo sem kyn, menntun, svæðaskipting, minnihlutahópar, kynþáttur, félagsleg staða og aldur. Þetta á þó ekki allt við samfélag heyrnarlausra á Íslandi eins og t.d. kynþáttur.

Wolfram (1991:23, tilvitnað eftir Lucas, Bayley og Valli 2001:3-4) gerir greinarmun á málvísindalegum tilbrigðum og málfélagslegum tilbrigðum. Málvísindaleg tilbrigði snúa að tilbrigðum í tungumálinu en málfélagsleg tilbrigði eru samsetning sem sameinar tengsl innri tilbrigða og ytri hafta. Innri tilbrigði eru málvísindaleg einkenni, svo sem hljóð, setningagerð og handform, sem ýmist styðja eða styðja ekki val málhafa á ákveðnum tilbrigðum málsins. Ytri höft eru félagslegir þættir sem gætu verið tengdir einkennum málvísindalegra tilbrigða, en málvísindaleg tilbrigði geta meðal annars verið ólíkur framburður eftir mállýskum.

Þegar fjallað er um málfélagsleg tilbrigði eru tvö lykilatriði sem oft er rætt um og eru þau *hreimur* annars vegar, og *mállýska* hins vegar. Með hreim er átt við tilbrigði í raddmálum sem verða vegna mismunar í framburði. Í rannsókn

sem gerð var á Auslan komu ekki fram neinar sannanir fyrir því að mismunandi hreimur sé í því tungumáli, þ.e. það er enginn munur á því hvernig heyrnarlausir mynda sérstök handform, staðsetningu eða hreyfingu í röð tákna þó svo að nýlegar rannsóknir sýni fram á að einhver munur gæti verið að myndast. Mállýska hins vegar, er sérstakt afbrigði af tungumálinu sem er ólíkt öðrum afbrigðum í framburði, orðaforða og málfræði. Eins og enska raddmálið, þá hefur Auslan mismunandi orðaforða sem má skýra með mismunandi mállýskum (Johnston og Schembri 2007:45).

Það eru tvær meginmállýskur í Auslan en önnur þeirra tilheyrir norðurhluta landsins og hin suðurhluta þess. Aðalmunurinn á táknanotkun þessara tveggja mállýskna felst í ólíkri notkun á táknum fyrir tölur, liti, tímatákn (t.d. *í gær* og *í síðustu viku*) og spurnartákn. Það er mikilvægur kjarni í orðaforða hvers svæðis og eru grunnatriði orðaforðans ólík eftir mállýskum. Í samfélagi heyrnarlausra er þó almennur skilningur á táknum annarra svæða vegna þess að tilbrigði í mállýskum ná ekki yfir mjög stóran hluta af orðaforða Auslan í heild sinni. Það er því ekki algengt að misskilningur eða ruglingur eigi sér stað á meðal innfæddra tákna (Woodward, Erting & Oliver 1976, tilvitnað eftir Johnston og Schembri 2007:45-46).

Notendur og rannsakendur amerísks táknmáls hafa lengi verið meðvitaðir um tilbrigði málsins og má sjá merki um þessa vitneskju í skrifum um notkun heyrnarlausra á tungumálinu. Warring Wilkinson (1875:37, tilvitnað eftir Lucas o.fl. 2001:78), skólastjóri California skóla fyrir heyrnarlausra í Berkeley, skrifaði um það hvernig táknmálið varð til. Hann sagði heyrnarlaus börn sjá mynd í huganum af þeim hlutum sem þau sjá í umhverfinu. Til að koma þessum myndum áleiðis þurfa þau að búa til tákn fyrir hlutina. Þau búa til tákn út frá einhverjum eiginleikum hlutarins sem þeim finnst mest áberandi eða eftirtektarverður. Seinna meir þegar talað er um þennan hlut á ný endurskapar barnið táknið, sem mun þá vera auðskilið vegna þess að það hefur verið samþykkt hljóðalaust. Svo getur annað barn séð nákvæmlega sama hlutinn en tekur eftir öðrum eiginleikum hans og býr til tákn fyrir hlutinn út frá þeim eiginleikum sem því fannst eftirtektarverðastir. Vegna þessa eru oft til mörg tákn fyrir sama hlutinn og þá gildir sú regla að „hinir hæfustu lifa af“ og besta táknið verður notað áfram í málinu.

Croneberg (1965:310, tilvitnað eftir Lucas o.fl. 2001:78) sagði sterk tengsl

vera á milli heyrnarlausra þó svo að einstaklingar búi ekki í sama landshlutanum. Þessi tengsl eru sterkari en tengsl annarra minnihlutahópa. Hann segir þessi tengsl mikilvæg til að skilja mynstur tungumálanotkunar og tilbrigða í amerísku táknmáli, ASL. Hann gerði drög að muninum á því sem hann kallaði lárétt tilbrigði og lóðrétt tilbrigði. Lárétt tilbrigði sagði hann vera svæðisbundin tilbrigði og lóðrétt tilbrigði sagði hann vera þau tilbrigði sem eiga sér stað í tungumáli hópa sem eru aðskildir vegna félagslegrar stéttarskiptingar. Í þessum hóp talar Croneberg um áhrif aldurs, þjóðernis, kyns, trúar og stöðu í samfélaginu. Hans skilgreining á stöðu í samfélaginu nær yfir efnahagsstöðu, atvinnu, hvaða stöðu einstaklingur hefur innan samfélags heyrnarlausra og menntunarbakgrunn. Hann sagði bæði tilbrigðin eiga við í ASL. Croneberg sagði hlutverk heimavistarskóla vera mjög mikilvægt því að þar læra börnin þau tilbrigði ASL sem einkenna þeirra heimasvæði. Hann segir skólann einnig vera uppsprettu nýsköpunar þar sem hver skólakynslóð finnur upp á nýjum táknum eða kemur með ný tilbrigði af eldri táknum (1965:314, tilvitnað eftir Lucas o.fl. 2001:79)

Gerðar hafa verið rannsóknir á málfélagslegum tilbrigðum í ASL en rannsóknirnar hafa að miklu leyti verið takmarkaðar við fáa tákna og byggðar á gögnum sem hefur verið safnað með ýmsum aðferðum og með áherslu á ólík söfn málvísindalegra einkenna. Það eru margar hliðar tilbrigða sem enn eru órannsakaðar í ASL. Að því er varðar málvísindalega byggingu táknmáls, hafa margar rannsóknir einblínt á tilbrigði í orðasafni, tengdar ákveðnum rannsóknum á hljóðkerfisfræðilegum tilbrigðum og örfáum rannsóknum á formfræðilegum og setningarfræðilegum tilbrigðum. Hvað varðar félagslega þætti, hefur aðaláherslan verið á svæðisbundin tilbrigði þar sem athyglinni er að einhverju leyti beint að þjóðerni, aldri, kyni og þáttum sem hugsanlega spila ákveðið hlutverk í samfélagi heyrnarlausra, eins og t.d. hvort foreldrar eru heyrandi eða ekki, á hvaða aldri einstaklingur lærði ASL og menntunarbakgrunni, til dæmis hvort einstaklingur gekk í heimavistarskóla eða almennan skóla. Þangað til fyrir stuttu höfðu engar markvissar rannsóknir verið gerðar á sambandi á milli félagslegrar efnahagsstöðu og tilbrigða í táknmálum. Padden og Humphries (1988:4, tilvitnað eftir Lucas o.fl. 2001:76-77) segja að það séu tilbrigði á milli félagshópa en þau segja að einnig séu tilbrigði innan þessara hópa.

Sutton-Spence og Woll (1999:24-25) gerðu nokkrar rannsóknir á tilbrigðum í bresku táknmáli, BSL. Til dæmis komst Woll (1991, tilvitnað eftir Lucas o.fl. 2001:87) að því að það væru margir eiginleikar sem greindu á milli eldri og yngri tákna. Eldri tákna notuðu fingrastöfun meira og höfðu ekki eins skýrar munnhreyfingar og yngri tákna. Það sem einkenndi yngri tákna var að meiri enskuáhrifa gætti í þeirra tákun. Þennan mismun má í fyrsta lagi rekja til þess hvað það eru fáar heyrnarlausar fjölskyldur, en það veldur rofi á milli kynslóða; í öðru lagi má rekja þennan mismun til breytinga í menntakerfinu fyrir heyrnarlausu; og í þriðja lagi til breytinga á tækni. Woll fann einnig mismun á orðasafni eldri og yngri tákna og mun á milli svæða. Það voru einnig fleiri rannsakendur sem fundu mun á milli tákna. Day (1995, tilvitnað eftir Lucas o.fl. 2001:87-88) rannsakaði mun á táknmáli og byggði rannsókn sína á fjölskyldubakgrunni. Hún sagði gífurlegan mun vera á milli heyrnarlausra frá heyrandi fjölskyldum annars vegar og heyrnarlausum fjölskyldum hinsvegar en einungis 5% heyrnarlausra læra táknmálið sem sitt fyrsta mál frá heyrnarlausum foreldrum. Flestir heyrnarlausra læra táknmálið frá heyrnarlausum jafnöldrum sínum í skólum fyrir heyrnarlaus börn eða þá í gegnum félagslegar aðstæður snemma á fullorðinsárum sínum (Johnston 1989, tilvitnað eftir Johnston og Schembri 2004:79). Le Master og Dwyer (1991, tilvitnað eftir Lucas o.fl. 2001:88) gerðu greinargerð um mismun á orðasafni á milli kynja í Dublin og segja þennan mun vera afleiðingu aðgreindra skóla heyrnarlausra í Írlandi (Lucas o.fl. 2001:87-88).

Söguleg skráning gefur til kynna að ástralskt táknmál, Auslan, og táknmál Nýja Sjálands, NZSL, hafi þróast frá tilbrigðum bresks táknmáls sem voru innleidd í landið með heyrnarlausum innflytjendum, kennurum heyrnarlausra og öðrum sem létu sig varða málefni heyrnarlausra (Collins-Ahlgren 1989, Johnston 1989, Carty 2004, tilvitnað eftir Brentari 2010:480). Upphaf tilbrigða í Auslan og NZSL er tengt menntun heyrnarlausra barna og stofnun skóla fyrir heyrnarlausu en byrjað var að kenna heyrnarlausum í sérstökum skólum fyrir heyrnarlausu um miðja 19. öld (Brentari 2010:480). Ýmsar kennsluáðferðir hafa verið notaðar í skólum fyrir heyrnarlausu í Ástralíu, Nýja Sjálandi og Bretlandi í gegnum árin, svo sem raddmálsstefna, fingrastöfun, táknuð áströlsk enska, ASE, (e. *Australasian Signed English*), varalestur og skrifuð enska. Það er því enginn vafi á því að þessar ólíku kennsluáðferðir hafi haft töluverð áhrif

á tilbrigði í táknmálum þessara landa (Brentari 2010:482).

Í Auslan er munur á notkun tákna á milli kynslóða. Það sem til dæmis veldur þessum mun er breytt tækni, en eldra fólkið gæti notað annað tákni en yngra fólkið fyrir sama hlutinn. Hlutir þróast og breytast með tímanum, sérstaklega þeir hlutir sem snúa að tækni, og því er eðlilegt að tákni þróist og breytist með breyttu útliti eða breyttri virkni hluta. Sem dæmi um þetta má nefna táknið fyrir síma, en símar hafa breyst mikið í gegnum árin og því er ekki ólíklegt að eldra fólkið noti tákni fyrir það útlit á síma sem það ólst upp við. Eldri tákningar nota einnig meiri fingrastöfun en yngri tákningar og er hægt að rekja það til þeirrar menntunar sem eldra fólkið fékk, en hún er töluvert frábrugðin þeirri menntun sem yngri kynslóðirnar hafa fengið. Eldra fólkið á það einnig til að nota fingrastöfun í formlegum aðstæðum eða í samskiptum sínum við heyrandi til að sýna kunnáttu sína í enskri málfræði, stafsetningu og orðaforða. Algengara er að yngra fólkið noti svokölluð „ný tákni“, en sum þeirra tákna eru byggð á orðaforða úr ASE sem hefur mikið verið notaður í kennslu síðustu þrjú áratugin. Hin „nýju tákni“ endurspeglar einnig áhrif ASL og annarra táknmála á Auslan auk ytri þátta sem hafa áhrif á breytingu tungumála (Johnston og Schembri 2007:48-49).

Í táknmálum er annars vegar talað um svokölluð stakhandartákni og hins vegar tvíhandartákni þegar talað er um gerð og myndun tákna. Í stakhandartáknum felst að einungis önnur höndin er notuð við myndun tákns, og er það í flestum tilvikum virka höndin sem er notuð. Í tvíhandartáknum eru báðar hendur notaðar við myndun tákns (Battison 1978:19-58, tilvitnað í Valli, Lucas og Mulrooney 2005:193-194). Tilbrigði geta komið fram í ólíkri notkun þessara tákna, stakhandartákni geta t.d. orðið að tvíhandartáknum og öfugt. Í tvíhandartáknum getur borð, stólarmur eða annar líkamshluti en hönd tákna þjónað tilgangi og komið í stað óvirku handarinnar í táknum þar sem handform beggja handa eru þau sömu. Þar að auki er hægt að mynda stakhandartákni, sem venjulega er myndað með virku höndinni, með óvirku höndinni (Lucas, Bayley og Valli 2001:26-27). Tilbrigði geta einnig komið fram í tvíhandartáknum þegar annarri höndinni er sleppt í tákni. Deuchar (1981, tilvitnað eftir Brentari 2010:495) sá að þetta var mögulegt í BSL eins og í ASL. Hún gerði rannsókn á því hvaða félagslegu þættir gætu haft áhrif á þessa breytingu í tvíhandartáknum og hún gekk út frá því að tákningar myndu frekar breyta tvíhandartákni í

stakhandartákn í óformlegum aðstæðum. Hún skoðaði notkun á 201 tákni í tveimur mismunandi aðstæðum, öðrum formlegum og hinum óformlegum. Hún komst að því að grunur hennar væri á rökum reistur því að í rannsókninni kom í ljós að mjög lítið var um að annarri höndinni væri sleppt í tvíhandatáknum í formlegu aðstæðunum en um helmingur tákanna í óformlegu aðstæðunum hafði breyst í stakhandartákn. Hún hélt því einnig fram að breyting úr tvíhandatákni yfir í stakhandartákn væri endurspeglun á yfirstandandi tungumálabreytingum. Þessa tilgátu sína byggði hún á staðhæfingu Woll (1981, tilvitnað eftir Brentari 2010:495) um að ákveðin tákn sem nú eru stakhandartákn í nútíma BSL, Auslan og NZSL hafi áður verið tvíhandatákn.

Mikið hefur verið rætt um tilbrigði í hverju táknmáli fyrir sig en einnig er hægt að sjá tilbrigði á milli táknmála, eins og t.d. Auslan og BSL, en áhugaverð þróun hefur átt sér stað í þessum málum. Þeir sem nota Auslan og BSL segja að það sé einungis munur á orðasafni þessara táknmála en að enginn málfræðilegur munur sé á þessum tveimur málum. Það sem er áhugavert við þróun þessara mála er að Auslan virðist hafa að geyma ýmis eldri tákn úr BSL sem eru ekki lengur notuð innan samfélags heyrnarlausra í Bretlandi. Þetta er einnig öfugt en tákningar á öllum aldri innan samfélags heyrnarlausra í Bretlandi nota ýmis tákn sem einungis eldri tákningar í Ástralíu nota. Málin virðast því hafa þróast á þann hátt að gömul tákn hafa horfið úr öðru málinu og hafa í staðinn varðveist í hinu (Brentari 2010:482-483).

Tilbrigði í BSL, Auslan og NZSL hafa sögulegar rætur. Tilbrigðin má rekja til þeirrar ástæðu að heimavistarskólar fyrir heyrnarlausu voru reistir sem sjálfstæðir skólar hver á sínu landsvæði víðs vegar um Bretland, Ástralíu og Nýja Sjáland. Þegar skólarnir voru settir á fót var ekki boðið upp á undirbúningsnámskeið fyrir þá kennara sem vildu nota táknmál í kennslustundum og þar af leiðandi hafa ólík tákn verið notuð í hverjum skóla fyrir sig. Þar að auki var táknmál bannað í sumum skólanna og því urðu heyrnarlausir nemendur að bregða á það ráð að mynda sín eigin tákn sem þeir notuðu sín á milli utan kennslustofunnar. Hér áður fyrr voru möguleikar á ferðalögum á milli landsvæða ekki miklir og því breiddist táknmálið ekki út fyrir landsvæðið vegna þess að táknmál er sjónrænt mál og ekki er hægt að nota það nema augliti til auglitis. Táknmálin fluttust því einungis á milli

kynslóða á hverju landsvæði fyrir sig og því voru margir sem ekki skildu þau afbrigði af BSL sem tilheyrðu öðrum landsvæðum. Aðstæðurnar eru þó allt aðrar í dag og ferðalög á milli landsvæða eru mun auðveldari en áður fyrr og því er algengara að heyrnarlausir kynnist tilbrigðum annarra landsvæða. Það birtist einnig reglulega táknað sjónvarpsefni í Bretlandi og þar af leiðandi hafa heyrnarlausir í dag mun meiri aðgang að þeim ólíku tilbrigðum sem finnast í BSL (Brentari 2010:490).

Flestir heyrnarlausir eiga heyrandi fjölskyldur, þ.e. allir fjölskyldumeðlimir heyrandi, og því gætu þeir lent í því að öðlast táknmálið ekki strax frá unga aldri. Tilbrigði táknmálanna, þ.e. BSL, Auslan og NZSL, eru þess vegna oft og tíðum torskilin á milli kynslóða. Þetta hefur leitt til þess að unga fólkið sem notar BSL og NZSL á stundum í erfiðleikum með að skilja eldri tákna. Rannsókn sem Woll (1994, tilvitnað eftir Brentari 2010:490) gerði sýndi að yngri tákna, þ.e. þeir sem eru undir 45 ára aldri, þekktu færri orðasafnstilbrigði í BSL heldur en eldri tákna. Í svæðisbundnum rannsóknum kom í ljós að ýmis ták sem eldra fólkið notaði, eins og litaták og ták fyrir hugtökin hundrað og þúsund, notuðu yngri tákna á ákveðnum svæðum ekki. Á þeim svæðum höfðu eldri táknið þróast og verið skipt út fyrir þau nýju (Brentari 2010:491).

Eins og fram kom hér að framan þá nota eldri tákna í Auslan frekar fingrastöfun en þeir yngri (Johnston og Schembri 2007:48-49) en Sutton-Spence, Woll og Allsop (1990, tilvitnað eftir Brentari 2010:491) gerðu einnig rannsókn á fingrastöfun í BSL. Í ljós kom að þeir sem voru 45 ára eða eldri notuðu fingrastöfun mun meira en þeir yngri. Þessi aldursmunur í fingrastöfun, bæði í BSL og Auslan, endurspeglar menntun eldra fólksins, en margir þeirra fengu kennslu í skólum þar sem lögð var áhersla á fingrastöfun. Viðhorf eldra fólksins gæti einnig átt þátt í því að það notar frekar fingrastöfun en yngra fólkið, en eldra fólkið gæti átt það til að hafa neikvæð viðhorf gagnvart tákmalinu, það hefur þó enn engin rannsókn einblínt sérstaklega á það. Breytingar í tungumálinu gætu líka haft áhrif á það að eldra fólkið notar frekar fingrastöfun vegna þess að margir eldri tákna kjósa frekar að nota fingrastöfun heldur en að nota hin „nýju ták“ sem yngra fólkið notar. Í NZSL kemur kynslóðamunur á tákmalinu frekar fram í því að einhverjir nota enskar munnhreyfingar með táknum, í stað fingrastöfunar. Í rannsókn sem gerð var

á munnhreyfingum í NZSL kemur fram að tákningar sem eru eldri en 65 ára nota munnhreyfingar með um 84% tákna samanborið við yngri tákna, undir 40 ára, sem nota munnhreyfingar með 66% tákna (McKee 2007, tilvitnað eftir Brentari 2010:492).

3. Menntun heyrnarlausra á Íslandi

Menntun heyrnarlausra á Íslandi hefur þróast mikið og breyst frá því að kennsla fyrir heyrnarlausu hófst. Upphafið að kennslu heyrnarlausra má rekja til upphafs 19. aldar þegar 24 heyrnarlaus börn voru send í skóla til Danmerkur á tímabilinu 1820-1867 (Bryndís Guðmundsdóttir og Guðmundur Egilsson 1989). Árið 1867 fór Séra Páll Pálsson til Danmerkur að læra að kenna heyrnarlausum. Í kjölfarið á þeirri ferð var hann skipaður mál- og heyrnleysingjakennari. Hann stofnaði fyrsta sérskólann hér á landi en þar fór kennslan meðal annars fram á táknmáli.

Árið 1880 var haldið þing fyrir kennara heyrnarlausra, víðs vegar að úr heiminum, í Mílanó og þar var ákveðið að banna skyldi táknmál í skólum og að raddmálsstefnan væri sú kennsluaðferð sem koma skyldi í öllum skólum (Lane o.fl. 1996:61). Táknmálið var bannað í um það bil 100 ár og þennan tíma kalla heyrnarlausir *einangrunartímabilið*. Niðurstaða ráðstefnunnar var að samþykka að nota svokallaða raddmálsstefnu við menntun heyrnarlausra. Í raddmálsstefnunni fólst það að heyrnarlausir og heyrnarskertir lærðu að lesa af vörum og lærðu, með hjálp kennara, að tala án þess að nota táknmál (Júlía G. Hreinsdóttir 2002). Ástæðan fyrir þessari ákvörðun var sú að táknmálið var talið slæmt fyrir heyrnarlaus börn því það myndi hindra mál-, vitsmuna- og tilfinningaþroska þeirra. Bannið, eða raddmálsstefnan eins og þetta var nefnt, varð að kennslustefnu í skólum næstu 100 árin og hafði víðtæk áhrif á heyrnarlausu um allan heim. Afleiðingar raddmálsstefnunnar hér á landi, og eflaust víðar, eru þær að hópur fólks í samfélaginu hefur hlotið slaka menntun og hefur ekki góða færni í íslensku, hvorki á sviði lestrar né ritunar (Anney Þórunn Þorvaldsdóttir 2007:2) því að flest heyrnarlaus börn voru menntuð með raddmálsaðferðinni fram undir 1970 (Susan Gregory 2002:18).

Um 1985 komu fram hugmyndir um menntastefnu sem kallast alhliða boðskipti (e. *Total communication*) en í henni fólst að öllum leiðum til tjáskipta yrði haldið opnum. Samkvæmt þessari stefnu var leyfilegt að nota táknmál eða rödd, eða blanda þessu tvennu saman. Í dag er heyrnarlausum börnum kennt eftir hugmyndafræði tvítýngis en sú hugmyndafræði felur í sér að íslenska og íslenskt táknmál séu jöfn mál og stefnt er að því að nemendur séu tvítýngdir að skólagöngu lokinni. Með því er átt við að börnin hafi gott

vald bæði á íslensku og íslensku táknmáli (Anney Þórunn Þorvaldssdóttir 2007:2-3).

Árið 1899 hóf Margrét Th. Rasmus að kenna við Málleysingjaskólann en hún hafði verið við nám í Kaupmannahöfn til að læra kennslu heyrnarlausra. (Reynir Berg Þorvaldsson 2010:38-55). Fingramál var kennt í skólanum, en í fingramáli eru fingurnir látnir mynda hvern og einn staf í stafrófinu og hvert orð er stafað (Bryndís Guðmundsdóttir og Guðmundur Egilsson 1989:111). Nemendur sem voru við nám í skólanum á þessum árum hafa því ekki fengið góða kennslu í að tjá sig með táknum og er grunnur þeirra í táknmáli mun verri en þeirra sem yngri eru. Fingramál var kennt í skólum til ársins 1922 en það ár fór Margrét til Danmerkur til þess að kynna sér nýjungar í kennslu heyrnarlausra. Hún lærði aðferð sem var kölluð „Mund-Hånd-system“ eða „Munn-Handar-kerfið“ eins það hefur verið nefnt á íslensku. Þessi kennsluáðferð byggðist á því að nemendum var kennt að tala, en um leið var þeim kennt að nota handahreyfingar til að sýna þau hljóð sem erfiðast var að lesa af vörum. Upp frá þessu notaði Margrét þessa aðferð við kennslu heyrnarlausra (Reynir Berg Þorvaldsson 2010:46-47). Ólíklegt er að foreldrar heyrnarlausra barna á þessum tíma hafi kunnað táknmál og því er líklegt að eina táknmálakennslan og öll örvun í táknmáli hafi komið frá skólanum.

Brandur Jónsson tók við forstöðu Málleysingjaskólans árið 1944 þegar Margrét lét af störfum. Með komu Brands urðu töluverðar breytingar á starfsemi skólans, en þær voru misgóðar. Stærsta breytingin fólst í nýrri kennslustefnu sem var svokölluð raddmálsstefna. Með tilkomu raddmálsstefnunnar var nemendum kennt að tala og lesa af vörum í stað þess að nota bendingar. Táknmál var harðbannað í kennslustundum og var tekið strangt á allri notkun þess og nemendur áttu það jafnvel á hættu að verða slegnir með priki á fingurna ef þeir töluðu táknmál sín á milli. Mikil áhersla var lögð á að nota heyrnarleifar barnanna með hjálp heyrnartækja eins mikið og mögulegt var. Allt frá árinu 1880 hafði raddmálsstefnan verið ríkjandi kennsluáðferð heyrnarlausra í heiminum og táknmálið var álitid óæðra raddmálinu auk þess sem það var talið frumstætt mál sem best væri að forða heyrnarlausum frá. Notkun raddmálsins var talin eina leiðin til að þroska hugann (Reynir Berg Þorvaldsson 2010:60-62). Þetta gæti að mörgu leyti útskýrt kynslóðamismun í íslensku táknmáli því að ljóst er að þeir einstaklingar

sem voru í skólanum á þessum tímum hafa ekki fengið þá táknaðskennslu sem yngri kynslóðirnar hafa fengið í skólum eftir þennan tíma. Brandur hefur eflaust haft góða ætlun í huga þegar hann tók upp raddmálsstefnu í skólanum því að hann hefur eflaust ekki vitað betur. Á þessum tíma var vitneskjan um táknað og heyrnarleysi það lítil að það var talið heyrnarlausum fyrir bestu að læra að tala og lesa af vörum. Í dag eru menn aftur á móti sammála um að raddmálsstefnan hafi haft mjög neikvæð áhrif á líf og menntun heyrnarlausra. Það hefur komið fram í viðtölum við nemendur skólans að þeir hafi ekki skilið tilganginn með talkennslunni og að þeir hafi ekki skilið það sem fram fór í kennslustundum. Undir lok stjórnartíðar Brands fór hann að gefa eftir í áherslu sinni á raddmál og varalestur og var táknað þá notað í auknum mæli í skólanum. Þegar Brandur lét af störfum, árið 1982, hafði viðhorf hans breyst að því leyti að hann var kominn á þá skoðun að nauðsynlegt væri að kenna litlum börnum táknað, því að það væri þeirra eina leið til að geta tjáð sig. Hann stóð þó fastur á þeirri skoðun sinni að nauðsynlegt væri að kenna heyrnarlausum að tala og skilja talað mál og að ekki ætti að nota bendingamál nema í ítrustu neyð (Reynir Berg Þorvaldsson 2010:63-65). Önnur stór breyting sem gerð var á skólanum eftir að Brandur tók við stjórn hans var góð breyting, en farið var að taka börn í skólann þegar þau voru fjögurra ára gömul og voru þau í skólanum til 16 ára aldurs. Þessi kennsluskyldualdur var festur í lög þegar ný lög um kennslu heyrnarlausra tóku gildi árið 1962 (Reynir Berg Þorvaldsson 2010:65). Þau börn sem byrjuðu í skólanum eftir árið 1962 hafa því fengið betri kennslu en kynslóðin á undan þeim. Þau fengu bæði lengri kennslu auk þess sem táknað var nú kennt að einhverju leyti við skólann.

Á árunum 1978-1979 gerðu nemendur Heyrnleysingjaskólans uppreisn gegn raddmálsstefnunni, sem þá var ríkjandi í skólanum, og neituðu að flytja verkefni á raddmáli og táknaði samtímis og með baráttu sinni fengu þeir að nota einungis táknað. Með þessu vannst stór sigur hjá heyrnarlausum og varð ákveðin viðhorfsbreyting í skólanum eftir þetta og var farið að nota táknað meira en áður við kennslu (Reynir Berg Þorvaldsson 2010:76-77).

Guðlaug Snorradóttir tók við stjórn skólans þegar Brandur lét af störfum árið 1982. Hún innleiddi nýja kennslustefnu í skólanum sem kallaðist alhliða boðskipti. Raddmálsstefnan var áfram sú stefna sem byggt var á í kennslunni en táknað var þó ekki lengur bannað og var allt leyft, svo sem varalestur,

fingrastafróf, skrift, tal og táknun (Reynir Berg Þorvaldsson 2010:78). Á eftir Guðlaugu tók Gunnar Salvarsson við stjórn skólans, en það var árið 1986. Gunnar lagði áherslu á að aðlaga skólastarfið að tvítyngdri námskrá með viðurkenningu á táknmáli sem móðurmáli heyrnarlausra. Markmið skólans var að nemendurnir næðu fullu valdi á táknmáli og gætu lesið íslenskan texta (Reynir Berg Þorvaldsson 2010:81-82).

Árið 1999 er merkilegt ár í skólasögu heyrnarlausra fyrir þær sakir að þá er í fyrsta sinn fjallað um sérstöðu heyrnarlausra nemenda og um sérstaka íslenskukennslu fyrir þá í Aðalnámskrá grunnskóla (Aðalnámskrá grunnskóla 1999:21-22). Í námskránni kemur fram að það sé skylda samfélagsins að skapa þær aðstæður að heyrnarlaust barn eignist sitt fyrsta mál, sem er táknmál, og læri svo tungumál þjóðarinnar á þeim grunni (Ingibjörg H. Harðardóttir o.fl. 2005:22).

Eins og sjá má hafa kennsluaðferðir við kennslu heyrnarlausra þróast töluvert og breyst í gegnum árin. Táknmálið var notað við kennslu fram að táknmálsbanninu árið 1880 og eftir það var raddmálsstefnan við lýði í um 100 ár, þó svo að ýmsar kennsluaðferðir hafi verið þróaðar samhliða þeirri stefnu. Raddmálsstefnan olli því að nemendum gafst ekki færi á að læra táknmál fyrr en byrjað var að kenna fingramál árið 1899 og „Munn-Handar-kerfið“ árið 1922. Því er ekki ólíklegt að elsta fólkið í samfélagi heyrnarlausra í dag hafi fengið töluvert slakari táknmálakennslu en þeir sem yngri eru og gæti það verið valdur af málfarsmun á milli kynslóða í íslensku táknmáli. Raddmálsstefnan var þó enn við lýði á þessum tímum og var það ekki fyrr en á árunum 1982-1985 sem kennsla á táknmáli fór að aukast með kennslustefnu sem kallast alhliða boðskipti og tvítyngisstefnunni sem kom stuttu seinna. Með þessum aðferðum hafa nemendur að öllum líkindum öðlast mun meiri færni í táknmáli en þeir sem eldri eru höfðu gert í gegnum tíðina.

4. Rannsókn á kynslóðabundnum mun í íslensku táknmáli

Ekki er langt síðan farið var að gera rannsóknir á íslensku táknmáli og því afar lítið til af heimildum um tungumálið. Því eru rannsóknir sem þessar afar mikilvægar samfélaginu, bæði samfélagi heyrandi og heyrnarlausra, og hjálpa til við að styrkja þann grunn sem byggst hefur upp í rannsóknum á íslenska táknmálinu. Samfélag heyrnarlausra á Íslandi er ekki stórt og því gæti reynst erfitt að fá marga þátttakendur í rannsóknir sem þessa. Rannsóknirnar eru þó allar mjög mikilvægar í öflun upplýsinga um íslenskt táknmál og væri ekki búið að safna eins miklu af heimildum og raun ber vitni ef ekki væri fyrir þátttakendur úr samfélagi heyrnarlausra.

Markmiðið með rannsókn minni er að rannsaka kynslóðabundinn mun í táknmáli. Út frá því sem fram hefur komið hér að framan um tilbrigði í táknmálum og um kennslu heyrnarlausra hér á landi má gera ráð fyrir því að hægt sé að gera greinarmun á notkun táknmáls á milli kynslóða.

4.1 Framkvæmd rannsókna

Ég hitti heyrnarlaus einstaklinga á ýmsum aldri, bæði karla og konur, sem hafa táknmál að sínu móðurmáli og eru virkir þátttakendur í samfélagi heyrnarlausra. Viðmælendur mínir ná yfir breitt aldursbil, sá yngsti er fæddur árið 1989 og sá elsti árið 1936 og eru viðmælendur á ýmsum aldri þarna á milli. Ég ræddi við 17 einstaklinga og skipti hópnum upp í þrjá minni hópa eftir aldri. Í fyrsta hópnum eru einstaklingar fæddir á árunum 1936-1954. Í þessum hóp eru átta einstaklingar, ein kona og 7 karlar. Hér eftir verður rætt um þennan hóp sem elstu kynslóðina. Í næsta hóp eru einstaklingar fæddir á árunum 1963-1964. Ástæðan fyrir því að fólk fætt á þessum árum er flokkað saman í hóp er sú að árin 1963-1964 gekk faraldur rauðra hunda hér á landi sem olli því að um 30 heyrnarlaus og heyrnarskert börn fæddust (Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 1. Könnun á starfsemi Heyrnleysingjaskólans 1947-1992, vistheimilisins Kumbaravogs 1965-1984 og skólaheimilisins Bjargs 1965-1967, 2009:115). Flestir heyrnarlausir á Íslandi eru fæddir á þessum árum og því við hæfi að hafa þessa

einstaklinga saman í hóp. Í hópnum eru fimm einstaklingar, þrjár konur og tveir karlar. Þessi hópur verður hér eftir kallaður miðkynslóðin. Í þriðja hópnum eru einstaklingar fæddir á árunum 1970-1989. Það er svolítill aldursmunur á yngsta og elsta einstaklingnum í hópnum og var það svolítið vafaatriði hvort ætti að setja einstaklinginn fæddan árið 1970 í yngsta eða mið hópinn. Ég ákvað að setja hann frekar með yngsta hópnum því að miðkynslóðin er sérstakur hópur sem á svipaða sögu hvað varðar menntun og táknaðskennslu og því fannst mér einstaklingurinn ekki passa nógu vel inn í þann hóp. Í yngsta hópnum eru tvær konur og tveir karlar. Hér eftir verður fjallað um þennan hóp sem yngstu kynslóðina. Ég átti skemmtilegt samtali við viðmælendur mína og fékk þá til að sýna mér hvaða tákni þeir notuðu yfir ýmis íslensk orð sem ég hafði safnað saman. Til að hafa sem minnst áhrif á táknaði þeirra útbjó ég lista með þeim orðum sem ég vildi rannsaka og sýndi viðmælendum. Með því að gera þetta svona vildi ég koma í veg fyrir öll utanaðkomandi áhrif sem hugsanlega hefðu getað haft áhrif á það hvernig fólk táknaði. Ég vildi ekki sýna þeim neina mögulega útgáfu af tákningu og það heppnaðist vel með því að hafa orðin einungis á blaði. Það gæti þó hugsanlega haft einhver áhrif að orðalistinn var íslenskur því að með því gætu íslenskuáhrif haft áhrif á táknaði viðmælenda. Ég hafði útbúið lista með mögulegum táknum sem kom til greina að fólk myndi nota og ég merkti svo við það tákni sem hver og einn notaði. Ég merkti einnig við ef það voru önnur tákni sem táknaði þekkti en notaði ekki sjálfur. Ég vildi ekki hafa upptökuvél þar sem ég vildi komast hjá þversögn athugandans. Með þversögn athugandans, eða *observer's paradox* eins og Labov (1970:32, tilvitnað eftir Chambers 2003:19-20) kallar það, er átt við að fólk breyti máli sínu þegar með því er fylgst. Í stað þess ræddi ég við fólk á rólegum nótum og bað það að sýna mér hvernig tákni það notaði fyrir ákveðin orð. Í kringum sum tákni myndaðist umræða um það hvers vegna táknið er eins og það er og hvers vegna það hefur breyst og var mjög fróðlegt og skemmtilegt að ræða við viðmælendur mína. Það er alltaf möguleiki á því að viðmælendur mínir hafi haft það í undirmeðvitundinni að ég, rannsakandi, er heyrandi og hafi þar af leiðandi aðlagð orðanotkun sína að íslenskunni og að mínum orðaforða og notað önnur tákni en þeir hefðu kannski gert í samskiptum við aðra heyrnarlausu. Það er þó ekki hægt að komast að því nema með því að framkvæma rannsóknina aftur og

hafa þá heyrnarlausan rannsakanda. Þá væri hægt að bera rannsóknirnar saman og sjá hvort einhver munur væri á niðurstöðunum. Fleiri áhrifaþættir sem gætu hafa haft áhrif á rannsóknina er til dæmis það að ég hafi verið að rannsaka orðanotkun einstaklinga. Það gæti hafa haft þau áhrif að viðmælendur væru meðvitaðri um það hvaða tákni þeir notuðu.

Orðin sem ég valdi voru 29 talsins og voru þau valin af ýmsum ástæðum. Aðalástæðan fyrir valinu á meirihluta orðanna var þekking mín á táknum þessara orða og vitneskja mín um að fleiri en eitt afbrigði væri til af táknum fyrir ákveðið orð. Önnur ástæða fyrir vali mínu á táknum var ritgerð sem ég skoðaði um mun á táknum bæði í íslensku og dönsku táknmáli (Aldersson og McEntee-Atalianis 2007). Ég valdi nokkur orð úr þessari ritgerð sem mér þótti líklegt að myndu verða ólík á milli tákna. Ég ræddi auk þess við nokkra heyrnarlausa aðila og bað þá að benda mér á tákni sem þeir vissu að væru öðruvísi á milli einstaklinga. Orðin sem urðu fyrir valinu eru eftirfarandi¹:

EINS-OG	KRÓNA
MAMMA	HUNDUR
GRÆNN	DAGUR
FRÍ	JANÚAR
NÚNA	FEBRÚAR
BLÁR	KRABBAMEIN
AFI	UNGLINGUR
AMMA	ÚT
PABBI	KONA
PÁSKAR	STRÁKUR
LAUN	OG
FRÍTT	NÝR
LJÓSMÓÐIR	DÖFF
LÖGREGLA	MÚS
ALDREI	

Fyrst hafði ég hugsað mér að velja nokkur tákni úr listanum og ræða þau nánar og segja svo stuttlega frá hinum táknum og tengja þau saman við niðurstöður

¹ Orð sem skrifuð eru á táknmáli eru ávallt glósuð með hástöfum.

rannsóknarinnar. Ég sá þó fljótt að táknið eru eins misjöfn og þau eru mörg og ég ákvað að lokum að útlista öll táknið vegna þess að mér þótti mikilvægt að segja frá tilbrigðum og notkun allra tákna til að fá sem nákvæmastar niðurstöður.

4.2 Greining

Ef munur var á táknum hjá fólki þá notaði það táknið sem voru alveg ólík í flestum tilvikum en í einstaka tilvikum var einungis ein breyta sem gerði táknið öðruvísi, t.d. annað handform, önnur staðsetning eða önnur afstaða. Öll táknið samanstanda af fimm grunnþáttum, en þeir eru handform, afstaða, hreyfing, myndunarstaður og munnhreyfing. Þegar talað er um að einn þessara grunnþátta sé breyta í tákni, er átt við að einungis sá þáttur sé öðruvísi við táknið og að hann geti þá verið valdur að breyttri merkingu táknsins (Valli o.fl. 2005:17). Þegar um tilbrigði er að ræða þarf ekki að vera að merking táknsins breytist þó svo að ákveðinn hluti þess breytist.

Af öllum þeim orðum sem rannsökuð voru eru til að minnsta kosti tvö afbrigði af táknum fyrir það og í flestum tilfellum fleiri afbrigði. Hér að neðan verður greint frá hverju tákni fyrir sig og hvert afbrigði hvers tákns útskýrt. Sagt verður frá því hvaða tákni er algengast fyrir hvert hugtak auk þess sem greint verður frá því hvaða tákni er algengast hjá hverri kynslóð fyrir sig. Útskýringar á afbrigðum tákna fylgja umræðu um hvert tákni fyrir sig. Þeim verður lýst á þann hátt að fyrst er sagt frá handformi, svo myndunarstað og svo hvort táknið er stak- eða tvíhandatákni. Afstaða og hreyfing koma í lokin en misjafnt er hvort kemur á undan en það mun fara eftir gerð hvers tákns hvort á betur við. Munnhreyfingar voru ekki skoðaðar sérstaklega í rannsókninni og því kemur ekki fram hvaða munnhreyfing fylgir hverju tákni fyrir sig².

Fyrir táknið EINS-OG hafði ég sett fram þrjú mismunandi afbrigði af táknið sem ég vissi að fólk notaði og þekkti. Eftirfarandi eru táknið og lýsing á þeim:

1. *Vísi-hf., frjálst rými, tvíhandatákni³, lófar niður, slá fingrum saman í hliðunum.*

2. *V-hf., frjálst rými, báðar hendur til hliðar frá líkama, lófar frá líkama,*

² Sjá útskýringar á handformum í viðauka.

³ Í tvíhandatáknum eru handform beggja handa eins nema annað sé tekið fram.

fingur láréttir, smá hreyfing niður.

3. *B-hf., neðsta hluta beggja lófa slegið saman, fingur vinstri handar vísa til hægri og öfugt, lófi vinstri handar snýr að líkama tákna og lófi hægri handar snýr frá líkama tákna.*

Auk þessara tákna notuðu þrír viðmælenda minna önnur afbrigði af táknuinu.

Algengasta táknið er tákn númer eitt, en um 53% viðmælenda minna, eða níu manns nota það tákn. Sjö manns, eða um 41% viðmælenda minna nota tákn númer tvö og auk þess er einn sem þekkir táknið en notar það ekki sjálfur. Það var einungis einn viðmælenda minna sem notar tákn númer þrjú en það voru þó nokkrir sem þekkja táknið en nota það ekki.

Algengast er að yngsta kynslóðin noti tákn númer eitt, en allir nema einn af þeirri kynslóð, eða 75% af hópnum nota táknið, það þekkja það þó allir innan þessarar kynslóðar. Flestir af elstu kynslóðinni nota þetta tákn líka. Um 63% af hópnum nota það, eða 5 manns. Miðkynslóðin notar hins vegar frekar tákn númer tvö en 60% þeirra eða þrír af fimm í hópnum nota það. Eins og áður sagði var einn einstaklingur sem notar tákn númer þrjú en hann er af miðkynslóðinni. Á þessu má sjá að það er ekki mikill munur á notkun yngstu og elstu kynslóðarinnar á táknuinu EINS-OG en miðkynslóðin er örlítið frábrugðin þeim. Það sem var þó áhugavert við notkun elstu kynslóðarinnar á táknuinu var að tæp 40% elstu kynslóðarinnar þekktu önnur en þessi þrjú tákn sem talin voru upp í byrjun fyrir EINS-OG. Það var engin af hinum kynslóðunum sem þekkti þessi tákn og því má gera ráð fyrir því að þessi tákn séu eldri og að einhverju leyti úrelt.

Fyrir táknið MAMMA eru notuð tvö mismunandi afbrigði auk annars afbrigðis sem nokkrir þekkja en nota aldrei. Eftirfarandi eru táknið og lýsing á þeim:

1. *Vísi-hf., á enni, stakhandartákn⁴, lófi að andliti tákna, fingur dreginn yfir enni frá óvirku til virku hliðar.*
2. *M-hf., frjálst rými, stakhandartákn, fingur vísa niður, eins og stafurinn M.*
3. *Vísi-hf., á nös, stakhandartákn, lófi í átt á óvirku hlið⁵, fingur lagður á nös.*

⁴ Virka höndin er yfirleitt notuð í stakhandartáknum.

⁵ Óvirka hlið er sú hlið sem óvirka höndin tilheyrir, en það er sú hönd sem er ekki notuð í stakhandartáknum. Virka höndin er t.d. alltaf hægri hönd réttthentra og öfugt.

Algengasta táknið er tákn númer eitt, en 15 viðmælenda minna nota það eða um 88% þeirra. Tveir viðmælenda minna nota tákn númer tvö en það eru einungis einstaklingar af elstu kynslóðinni sem nota það. Tveir til viðbótar þekkja táknið en nota það ekki. Það er enginn sem notar tákn númer þrjú en það eru fjórir sem þekkja það.

Allir viðmælendur mínir af yngstu og miðkynslóðinni nota tákn númer eitt. Sex af átta þeirra sem tilheyra elstu kynslóðinni nota einnig tákn númer eitt, eða 75% auk þess sem einn þekkir táknið en notar það ekki. Tveir af elstu kynslóðinni nota tákn númer tvö og það er einn sem þekkir það en notar það ekki. Af þessu má sjá að langflestir nota sama táknið og að ekki er mikill munur á milli kynslóða á tákningu MAMMA.

Fyrir táknið GRÆNN voru einungis notuð tvö afbrigði. Annað þeirra er mun algengara en hitt. Eftirfarandi eru táknið og lýsing á þeim:

- 1. B-hf., byrjar hjá fingurgómum og fer niður lófann, tvíhandatákn, lófar snúa upp, handarbak virku handar strýkur lófa óvirku handar.*
- 2. B-hf., í frjálssu rými við gagnauga virku handar megin, stakhandartákn, fingurgómar snúa að gagnauga, lófi smá fram og smá niður, snúningur á úlnlið og hönd, lófi endar á að snúa aftur á bak.*

Flestir viðmælenda minna nota tákn númer eitt, eða um 71% þeirra. Mun færri nota tákn númer tvö, en einungis fimm af viðmælendum nota það, eða tæp 30%. Þó eru fimm til viðbótar sem þekkja táknið en nota það ekki.

Allir af yngstu og miðkynslóðinni nota tákn númer eitt en þrír af miðkynslóðinni, eða 60%, þekkja þó einnig tákn númer tvö en nota það ekki. Af elstu kynslóðinni eru sex manns sem nota tákn númer tvö, eða 75% hópsins. Tveir þekkja það en nota það ekki. Því eru allir af elstu kynslóðinni sem þekkja tákn númer tvö þó svo að tveir þeirra noti það ekki. Einn þeirra sem þekkir táknið en notar það ekki, notar það þó í einstaka tilfellum þegar hann á í samræðum við sér eldra fólk. Af þessu má augljóslega sjá að tákn númer tvö er eldra en tákn númer eitt og ekki vel þekkt á meðal yngstu kynslóðarinnar. Miðkynslóðin þekkir táknið þó en notar það ekki. Það er því töluverður munur á milli elstu kynslóðarinnar og yngstu og miðkynslóðarinnar.

Fyrir táknið FRÍ eru aðallega notuð tvö mismunandi afbrigði. Afbrigðin eru eins að öllu leyti fyrir utan ólík handform. Auk þeirra er einnig eitt afbrigði sem örfáir nota og örfáir þekkja. Eftirfarandi eru táknið og lýsing á þeim:

1. *D-hf., fingur lagðir við handlegg beggja handa, tvíhandatákn, lófar snúa niður.*
2. *B-hf., hægri hönd lögð ofan á vinstri handlegg, vinstri hönd lögð undir hægri handlegg, tvíhandatákn, lófar snúa niður.*
3. *V-hf., frjálst rými, báðar hendur til hliðar frá líkama, lófar frá líkama, smá hreyfing niður.*

Algengasta táknið er tákn númer eitt, en 10 viðmælenda minna nota það, eða tæp 59% þeirra, nokkrir þekkja það einnig en nota það ekki. Tákn númer tvö er þó ekki mikið óalgengara, en 7 viðmælenda nota það, eða 41%. Einn viðmælenda minna notar bæði táknið jafn mikið. Það er einungis einn sem notar tákn númer þrjú en auk þess eru tveir sem þekkja það en nota það ekki. Sá sem notar það er af elstu kynslóðinni og svo er einn af miðkynslóðinni og einn af yngstu kynslóðinni sem þekkir það.

Allir þeir sem tilheyra miðkynslóðinni nota tákn númer eitt en einn þeirra notar þó bæði táknið númer eitt og tvö. Elsta kynslóðin notar tákn númer eitt einnig mest en tæp 63% viðmælenda minna nota það fram yfir hin táknið. Yngsta kynslóðin notar tákn númer tvö mest. Allir nema einn úr hópnum nota það, eða 75%. Sá sem notar ekki tákn númer tvö notar tákn númer eitt frekar. Af þessu má sjá augljósan kynslóðamun á milli yngstu kynslóðarinnar annars vegar og mið- og elstu kynslóðarinnar hins vegar. Það er ekki afgerandi munur á notkun tákna á milli mið- og elstu kynslóðarinnar. Af notkun og gerð þessara tákna má álykta að þróun eigi sér stað í þessum táknum. Handformið er ólíkt á milli afbrigða tákna og handformin virðast vera einfölduð hjá yngstu kynslóðinni. Þar sem mið- og elsta kynslóðin nota annað tákn en yngsta kynslóðin má álykta að yngsta kynslóðin sé að þróa með sér nýtt afbrigði af táknið sem eflaust þekkist ekki eins vel á meðal eldri kynslóðanna.

Fyrir táknið NÚNA eru tvö afbrigði notuð. Annað þeirra er mun algengara en það síðara. Eftirfarandi eru táknið og lýsing á þeim:

1. *H-hf., frjálst rými, tvíhandatákn, lófar byrja á því að snúa fram, fingurgómar upp og halla örlítið fram, snúningur í úlnliðum og höndum,*

handform enda lárétt með löngutöng fyrir neðan og vísifingur fyrir ofan, lófar enda á því að snúa að líkama.

2. B-hf., frjálst rými, stakhandartákn, lófi fram, smá endurtekin hreyfing á hönd fram og til baka.

Tákn númer eitt er mun algengara en tákn númer tvö, en um 76% viðmælenda nota það. Tveir þeirra sem nota tákn númer eitt nota þó yfirleitt einungis aðra höndina en það kemur einnig fyrir að þeir noti báðar. Töluvert færri nota tákn númer tvö, einungis fjórir, eða tæp 24% viðmælenda. Fimm til viðbótar þekkja þó tákn númer tvö en nota það ekki.

Allir nema einn af yngstu kynslóðinni nota tákn númer eitt og sömu sögu er að segja af miðkynslóðinni. Allir nema tveir af elstu kynslóðinni nota einnig tákn númer eitt. Þó svo að örfáir noti tákn númer tvö er nokkuð augljóst að tákn númer eitt er vel þekkt meðal allra kynslóðanna og álíka algengt í notkun hjá öllum kynslóðum og því er öruggt að segja að ekki er kynslóðamunur í notkun þessa tákns.

Fyrir táknið BLÁR eru þrjú afbrigði. Eitt er töluvert algengara en hin tvö.

Táknin eru eftirfarandi og lýsing á þeim:

1. B-hf., fyrir framan andlit hjá höku, stakhandartákn, lófi fram, fingur vísa í átt að óvirku hönd, höndin færast upp og fram hjá andliti, fingur enda á því að snúa upp, höndin endar við hliðina á höfði virku handar megin.

2. B-hf., frjálst rými, fyrir framan enni, stakhandartákn, lófi snýr að líkama, smá snúningur í úlnlið, fingur færast frá enni í átt að gagnauga, endar á að B-hf. lokast og allir fingurgómar fara saman.

3. Vísi+þumal-hf., við auga virku handar megin, stakhandartákn, fingur sitthvoru megin við auga, þumall fyrir neðan, vísifingur fyrir ofan, hönd færast til hliðar í átt virku handar, fingur lokast.

Tákn númer eitt er algengasta táknið af þessum þremur. Það eru 14 manns, eða um 82% viðmælenda sem nota það. Auk þeirra er einn sem þekkir táknið en notar það ekki. Það eru ekki margir sem nota tákn númer tvö, einungis þrír aðilar eða tæp 18% viðmælenda. Þó eru ekki nema tveir sem nota tákn númer þrjú, eða tæp 12% viðmælenda. Þó svo að það séu ekki margir sem nota tákn númer þrjú þá eru sex viðmælenda sem þekkja það en nota það ekki. Af

Þessum sex er einungis einn af yngstu kynslóðinni sem þekkir táknið.

Allir af yngstu og miðkynslóðinni nota táknið eitt. Það er þó einn af yngstu kynslóðinni og þrjár af miðkynslóðinni sem þekkja ýmist táknið tvö eða þrjú en nota það ekki. Meirihluti elstu kynslóðarinnar, allir nema þrjár eða um 63% viðmælenda, notar einnig táknið eitt. Einn til viðbótar þekkir það þó en notar það ekki. Þrjár, eða tæp 38%, nota ýmist táknið tvö eða þrjú og auk þeirra eru tveir sem þekkja annað hvort táknið en nota það ekki. Af þessu má sjá að allar þrjár kynslóðirnar nota táknið eitt, annað hvort að fullu eða að miklu leyti og því er ekki hægt að segja að mikill kynslóðamunur sé þar á. Þau táknið sem elsta kynslóðin notar einnig eru einungis notuð af þeirri kynslóð og að því leyti kemur fram kynslóðamunur. Þessi táknið sem elsta kynslóðin notar virðast þá vera eldri táknið sem yngri kynslóðirnar þekkja ekki og eru þessi táknið jafnvel orðin úrelt að einhverju leyti.

Fyrir táknið AFI er eitt afbrigði sem er langalgengast en auk þess er eitt afbrigði til viðbótar sem er notað, en afar lítið. Auk þessara afbrigða sem eru notuð komu fram þrjú til viðbótar sem fólk þekkir en notar ekki. Táknið sem eru notuð eru eftirfarandi og lýsing á þeim:

1. *H-hf., á kinn virku handar megin, stakhandartáknið, lófi að líkama, byrjar efst á kinn og strýkur niður kinnina.*

2. *Eins og táknið PABBI - vísi-hf., á kinn virku handar megin, stakhandartáknið, lófi að líkama, fingur dreginn niður kinn, byrjar efst og endar neðst.*

Þau táknið sem fólk þekkir en notar ekki eru eftirfarandi og lýsing á þeim:

3. *Eins og táknið VANTAR - þumal-hf., frjálst rými, stakhandartáknið, neðst á hönd snýr að líkama, lófi snýr í átt að óvirku hönd, fingur hreyfður niður og aftur upp, lófi snýr niður þegar þumall snýr niður, endurtekið einu sinni.*

4. *Eins og táknið PÍPA - C-hf., til hliðar við munn virku handar megin, stakhandartáknið, lófi að líkama.*

5. *Eins og að snúa upp á endann á yfirvaraskeggi - vísi+þumal-hf., fingur rétt fyrir ofan munn virku handar megin, stakhandartáknið, fingurgómar nuddast saman.*

Algengasta táknið er táknið eitt en allir nema einn viðmælenda minna nota það. Sá sem notar ekki táknið eitt notar táknið tvö í staðinn, er hann sá eini sem notar það en auk hans er einn sem þekkir táknið en notar það

ekki. Enginn viðmælenda minna notar tákn númer þrjú , fjögur og fimm en það er einn sem þekkir hvert þeirra.

Allir af yngstu kynslóðinni nota tákn númer eitt auk þess sem einn þeirra þekkir einnig tákn númer fjögur en notar það ekki. Allir af miðkynslóðinni nota tákn númer eitt en auk þess er einn sem þekkir tákn númer fimm. Allir nema einn af elstu kynslóðinni nota tákn númer eitt og einn af hópnum notar tákn númer tvö og það er einn sem þekkir tákn númer þrjú en notar það ekki. Það er því óhætt að segja að kynslóðamunur sé lítill sem enginn á þessu tákni, þó svo að auðvitað séu alltaf undantekningar.

Fyrir táknið AMMA eru notuð þrjú mismunandi afbrigði, auk þess sem eitt afbrigði er þekkt en enginn notar. Táknin sem eru notuð eru eftirfarandi:

1. *H-hf., á enni, stakhandartákn, lófi að líkama, fingur dregnir yfir enni frá óvirku til virku hliðar.*
2. *M-hf., frjálst rými, stakhandartákn, fingur snúa niður, lófi að líkama, örlítill endurtekin hreyfing upp og niður.*
3. *B-hf., frjálst rými, stakhandartákn, fingur snúa niður, lófi að líkama, örlítill endurtekin hreyfing upp og niður.*

Táknið sem er þekkt en ekki notað:

4. *Svipað og að flétta hárið frá eyra og niður - þumal-, vísi- og langatöng-hf., hendur byrja hjá eyra og færast niður, tvíhandartákn, lófi að líkama, fingur á hreyfingu á leið niður, eins og að flétta.*

Algengasta táknið er tákn númer eitt en 15 viðmælenda nota það, eða um 88% þeirra. Það er einn sem notar tákn númer tvö og einn sem notar tákn númer þrjú. Þar að auki er einungis einn sem þekkir tákn númer fjögur en notar það ekki. Sá sem notar tákn númer þrjú er sá sami og notar annað tákn en allir hinir fyrir táknið AFI. Þessi einstaklingur er af elstu kynslóðinni og er með þeim elstu sem ég ræddi við. Það að hann sé sá eini sem notar þessi tákn og að hann sé sá sem notar sjaldgæfu táknið fyrir bæði AMMA og AFI gæti gefið okkur ástæðu til að skoða táknanotkun þessa einstaklings betur og sjá hvort hann sker sig úr í notkun fleiri tákna í rannsókninni. Allir af yngstu og miðkynslóðinni nota tákn númer eitt, auk þess sem einn af miðkynslóðinni þekkir tákn númer fjögur en notar það ekki. Allir nema tveir af elstu kynslóðinni nota tákn númer eitt, auk þess sem einn þekkir táknið en notar það ekki. Einn af þeim notar tákn

númer tvö og einn notar tákn númer þrjú. Það er því ekki mikill kynslóðamunur á táknu AMMA en þó eru einstaka aðilar sem skera sig úr hópnum og nota annað tákn.

Fyrir táknið PABBI eru tvö mismunandi afbrigði notuð. Annað er mun algengara en hitt. Auk þessara tveggja afbrigða er eitt afbrigði sem einn aðili þekkir en notar ekki. Táknin eru eftirfarandi:

1. *Vísi-hf., á kinn virku handar megin, stakhandartákn, lófi að líkama, byrjar efst á kinn og strýkur niður kinnina.*

2. *Eins og táknið VANTAR - þumal-hf., frjálst rými, stakhandartákn, neðst á hönd snýr að líkama, lófi snýr í átt að óvirku hönd, fingur hreyfður niður og aftur upp, lófi snýr niður þegar þumall snýr niður, endurtekið einu sinni.*

Táknið sem er þekkt en ekki notað er:

3. *Eins og að móta derhúfu á höfðinu - B:-hf., byrja aftast á hnakka ofarlega, móta eftir höfðinu og fram á enni og enda fyrir framan enni, stakhandartákn, lófi niður.*

Langalgengast er tákn númer eitt en um 82% viðmælenda nota það. Einungis þrír, eða tæp 18% nota tákn númer tvö en sex til viðbótar þekkja táknið án þess að nota það.

Allir af yngstu kynslóðinni nota tákn númer eitt auk þess sem einn þeirra þekkir tákn númer þrjú. Allir af miðkynslóðinni nota einnig tákn númer eitt en auk þeirra eru þrír sem þekkja tákn númer tvö en nota það ekki. Fimm af elstu kynslóðinni, eða tæp 63%, nota tákn númer eitt. Þrír af elstu kynslóðinni nota tákn númer tvö, auk þess sem tveir þekkja táknið en nota það ekki. Af þessu má sjá að algengasta táknið á meðal allra kynslóða er tákn númer eitt og því er ekki mikill kynslóðamunur á táknu PABBI. Það er þó einhver munur og liggur hann hjá elstu kynslóðinni, en hún er sú eina sem notar einnig tákn númer tvö. Kynslóðamunurinn liggur því aðallega í fjölbreyttari táknanotkun hjá elstu kynslóðinni heldur en hjá hinum tveimur, auk þess sem elsta kynslóðin notar tákn sem ekki allir af yngri kynslóðunum þekkja. Tákn númer eitt er líklega yngra en hitt táknið og er að vinna á og verða algengara tákn en tákn númer tvö.

Fyrir táknið PÁSKAR eru tvö afbrigði sem eru aðallega notuð á meðal viðmælenda. Auk þeirra er eitt afbrigði sem einn viðmælendanna notar. Þessi tákni eru eftirfarandi:

1. *Langatöng-hf., tvíhandatákn, fingur í gagnstæðan lófa til skiptis, einu sinni í hvorn lófa, lófar snúa á móti hvor öðrum, hinir fingur upp.*
2. *Táknið fyrir PÁSKAEGG - B-hf., frjálst rými, tvíhandatákn, hendur móta páskaegg með hreyfingu, byrjar með snertingu neðst á lófum, hendur færast örlítið upp á við og fingur beggja handa loka tákniinu.*
3. *H-hf., frjálst rými, tvíhandatákn, fingur hægri handar á þá vinstri(langatöng hægri handar snertir vísifingur vinstri handar), lófar snúa að hvor öðrum.*

Flestir nota tákni númer tvö eða um 76% viðmælenda minna. Þó svo að það noti það ekki allir viðmælendur mínir, þá þekkja þeir það allir. Tákni númer eitt nota tæp 30% viðmælenda minna en auk þeirra eru sex manns sem þekkja það en nota það ekki. Af þessum einstaklingum eru tveir sem nota bæði tákni númer eitt og tvö. Einungis einn viðmælenda minna notar tákni númer þrjú en hann notar einnig tákni númer tvö og þekkir tákni númer eitt. Hann er sá eini sem notar og þekkir tákni númer þrjú. Hann er yngstur allra viðmælenda minna og því ekki ólíklegt að þetta tákni sé meira notað hjá þeim sem eru enn yngri en viðmælendur mínir. Það hefði verið forvitnilegt að tala við enn yngra fólk og sjá hvort það notar þetta tákni.

Allir nema einn þeirra sem tilheyra yngstu kynslóðinni eða 75% nota tákni númer tvö auk þess sem einn þeirra notar tákni númer þrjú líka. Sá sem notar ekki tákni númer tvö þekkir það þó vel en hann notar frekar tákni númer eitt. Af miðkynslóðinni eru tveir sem nota bæði tákni eitt og tvö og svo eru tveir í viðbót sem nota tákni númer eitt og tveir í viðbót sem nota tákni númer tvö. Það eru sem sagt 60% hópsins sem nota tákni númer eitt og 60% sem nota tákni númer tvö. Það er því alveg jöfn skipting á milli tákna númer eitt og tvö hjá miðkynslóðinni. Flestir af elstu kynslóðinni nota tákni númer tvö eða 75% þeirra, sex af átta manns. Hinir tveir sem ekki nota tákni númer tvö nota tákni númer eitt. Tveir til viðbótar þekkja þó tákni númer eitt þó svo að þeir noti það ekki. Af þessu má sjá að ekki er mikill munur á notkun þessara tákna á milli kynslóða og flestir nota tákni númer tvö og virðist það ekki fara eftir aldri hverjir nota þetta tákni. Tákni númer eitt virðist vera elsta táknið vegna þess að

einungis einn af yngstu kynslóðinni notar það og fer notkun þess eflaust minnkandi með hverri kynslóð.

Fyrir táknið LAUN sá ég svolítið athyglisvert mynstur. Það er eitt afbrigði sem er langmest notað en svo eru þrjú afbrigði af því sem fólk ýmist notar eða þekkir. Það sem er athyglisvert er að það er yfirleitt einungis ein breyta sem er öðruvísi við hvert tákn, ólíkt hinum táknum hér að ofan þar sem þau tákn eru yfirleitt gjörólík. Aðaltáknið kemur hér fyrst og hin þar á eftir:

1. *Þumal+vísi-hf., við óvirka brjóst, stakhandartákn, eins og að stinga ofan í brjóstvasa.*

Næsta tákn er alveg eins og það fyrra en hefur ólíkan myndunarstað:

2. *Þumal+vísi-hf., við virka brjóst, stakhandartákn, eins og að stinga ofan í brjóstvasa.*

Næsta tákn er alveg eins og tákn númer tvö en hefur ólíkt handform:

3. *C-hf. úr ASL, við virka brjóst, stakhandartákn, eins og að stinga ofan í brjóstvasa.*

Næsta tákn er alveg eins og tákn númer þrjú en hefur ólíkan myndunarstað:

4. *C-hf. úr ASL, við óvirka brjóst, stakhandartákn, eins og að stinga ofan í brjóstvasa.*

Langflestir nota tákn númer eitt, 10 manns eða tæp 59% viðmælenda. Næst á eftir því í notkun er tákn númer tvö en tæp 24% nota það tákn eða fjórir af viðmælendum mínum. Þrír eða tæp 18% nota tákn númer þrjú en það er enginn sem notar tákn númer fjögur en það eru tveir sem þekkja það.

Allir af yngstu kynslóðinni nota tákn númer eitt og allir nema einn, eða 75% af miðkynslóðinni, nota einnig tákn númer eitt. Allir nema einn af elstu kynslóðinni nota ýmist tákn númer tvö eða þrjú, einungis einn þeirra notar tákn númer eitt. Fjórir nota tákn númer tvö eða helmingur fólksins og þrír nota tákn númer þrjú. Það virðist því vera nokkur munur á notkun táknsins á milli elstu kynslóðarinnar annars vegar og yngstu og miðkynslóðarinnar hins vegar. Táknið virðist vera að þróast og það tákn sem yngsta og miðkynslóðin nota mest virðist vera að skjóta rótum sínum fastar í málið en þau tákn sem elsta kynslóðin notar.

Fyrir táknið FRÍTT var eitt afbrigði sem var algengast en auk þess voru þrjú afbrigði sem eru mismikið notuð. Eitt þeirra er eins og fyrsta táknið, fyrir utan ólík handform. Eftirfarandi eru táknið og lýsing á þeim:

1. *Langatöng-hf., frjálst rými, tvíhandatákn, fingurgómar löngutanga beggja handa snertast, lófar snúa að hvor öðrum, hinir fingurnir vísa upp, löngutangirnar þrýstast saman og ýta hvor annarri í burtu og fingurgómar þeirra vísa þá niður.*

2. *B:-hf., frjálst rými, tvíhandatákn, fingurgómar allra nema þumalfingra saman, lófar snúa að hvor öðrum, fingurgómar þrýstast saman og ýta fingrunum í sundur, fingurgómar vísa svo niður.*

3. *F-hf., frjálst rými, stakhandartákn, lófi snýr fram, höndin færast örlítið í átt virku handar, smá snúningur í úlnlið.*

4. *B-hf, frjálst rými, tvíhandatákn, lófar snúa niður, virka hönd lögð á handarbak óvirku handar.*

Tákn númer eitt er algengast á meðal viðmælenda minna en um 59% þeirra nota það, eða tíu manns. Tákn númer tvö er annað afbrigði af tákni númer eitt en það eru mun færri sem nota það, einungis tveir. Örlítið fleiri nota tákn númer þrjú, þó svo að það sé ekki stór hópur um það. Fjórir, eða tæp 24% viðmælenda nota táknið en auk þeirra er einn sem þekkir táknið en notar það ekki. Tákn númer fjögur er afar óalgengt á meðal viðmælenda minna, en það er einungis einn sem notar það.

Allir af yngstu kynslóðinni nota tákn númer eitt, auk þess sem einn þeirra þekkir tákn númer tvö en notar það ekki. Allir nema einn af miðkynslóðinni nota einnig tákn númer eitt en það er einn sem notar tákn númer tvö, sem er afbrigði af tákni númer eitt. Það eru 75% einstaklinga af elstu kynslóðinni sem nota önnur tákn en tákn númer eitt. Það er misjafnt hvaða tákn það eru. Fjórir þeirra nota tákn númer þrjú, eða helmingur hópsins. Einn notar tákn númer tvö, sem er afbrigði af algengasta táknið og einn notar tákn númer fjögur. Af þessu má sjá að ekki er mikill munur á yngstu og miðkynslóðinni en elsta kynslóðin er frábrugðin þeim tveimur í táknanotkun. Það eru einungis einstaklingar af elstu kynslóðinni sem nota frekar önnur tákn en tákn númer eitt, fyrir utan einn af miðkynslóðinni sem notar frekar tákn númer tvö. Auk þess er einn af yngstu kynslóðinni sem þekkir tákn númer þrjú en notar það ekki. Af þessu má því sjá

að þessi tákn, sem eru ekki eins algeng og tákn númer eitt, tilheyra frekar eldri kynslóðinni og virðast ekki þekkjast vel á meðal yngri kynslóðanna.

Fyrir táknið LJÓSMÓÐIR komu fram átta mismunandi afbrigði. Ég hafði tvö afbrigði í huga sem ég vissi að voru notuð. Ég bjóst við því að fólk myndi mest nota annað hvort þeirra en svo var ekki. Það komu fram sex afbrigði til viðbótar við þau. Táknin tvö sem ég bjóst við að yrðu mest notuð eru:

1. *Táknin FÆÐA+TOGA. 5-hf., myndunarstaður frjálst rými við maga, tvíhandatákn, lófar snúa að hvor öðrum, frá maga, svolítill hreyfing niður og frá líkama + A-hf., frjálst rými, tvíhandatákn, lófar snúa niður, hendur færast úr frjálstu rými að líkama við maga.*

2. *Táknið TOGA. A-hf., frjálst rými, tvíhandatákn, lófar snúa niður, hendur færast úr frjálstu rými að líkama við maga.*

Til viðbótar við þessi tákn bættust, eins og áður sagði, sex afbrigði af tákningu LJÓSMÓÐIR. Þrátt fyrir að vera öll af sitthvoru taginu þá eiga þau það öll sameiginlegt að innihalda annað hvort táknið FÆÐA eða TOGA. Táknin eru eftirfarandi:

3. *LJÓS+MÓÐIR/TOGA (annað hvort MÓÐIR eða TOGA notað, ekki bæði á sama tíma)*

4. *MÓÐIR+TOGA*

5. *TOGA+MÓÐIR*

6. *MÓÐIR+FÆÐA*

7. *TOGA+FÆÐA*

8. *LJÓST+TOGA*

Útskýringar á táknum:

- *LJÓS = E-hf., myndað til hliðar rétt fyrir ofan höfuð, stakhandartákn, fingur opnast, verður að 5-hf., fingur snúa niður.*

- *MÓÐIR = vísi-hf., fingur á enni, stakhandartákn, fingur dreginn yfir enni frá óvirku hlið til virku, lófi snýr að líkama.*

LJÓST = 5-hf., frjálst rými fyrir framan bringu, tvíhandatákn, fingur snúa að hver öðrum, lófar snúa að líkama, fingur færast upp og frá hvor öðrum.

Flestir nota tákn númer tvö, eða tæp 30% viðmælenda og einungis einn notar tákn númer eitt. Þrír nota tákn númer fimm, tveir nota tákn númer þrjú, og svo er einn um hvert tákn af þeim sem ekki hafa verið talin upp. Það eru tveir sem

þekkja ekki táknið LJÓSMÓÐIR og einn þeirra þekkir ekki heldur orðið sjálft. Helmingur miðkynslóðarinnar notar táknið númer tvö og svo eru flestir af yngstu og elstu kynslóðinni sem nota eitthvað annað táknið og er mjög misjafnt hvaða táknið það er. Það var mjög dreift og ekkert mynstur í því að einhver ein kynslóð hafi notað eitthvað ákveðið táknið meira en önnur kynslóð.

Fyrir táknið LÖGREGLA komu fram fimm afbrigði. Eitt þeirra er mun algengara en hin afbrigðin. Auk þessara afbrigða eru tvö afbrigði sem örfáir einstaklingar þekkja en nota ekki. Táknin sem eru notuð eru eftirfarandi:

1. *Vísi-hf., fingur byrja á brjóstakassa og færast niður að maga sitt hvoru megin, tvíhandatákni, lófar að líkama.*
2. *Vísi-hf., fingur byrjar á brjóstakassa og færast niður að maga sitt hvoru megin, stakhandartákni, lófi að líkama.*
3. *Langatöng-hf., fingur byrja á brjóstakassa og færast niður að maga sitt hvoru megin, tvíhandatákni, lófar að líkama.*
4. *Langatöng-hf., fingur byrjar á miðjum brjóstakassa og færast niður að maga, stakhandartákni, lófi að líkama.*
5. *Þumal+vísi-hf., fingur byrja á brjóstakassa og færast niður að maga sitt hvoru megin, tvíhandatákni, lófar að líkama.*

Þau tákni sem örfáir þekkja en nota ekki eru eftirfarandi:

6. *Táknið fyrir PRESTUR - C-hf., myndað við háls, stakhandartákni, lófi að líkama, byrjar óvirku megin og færast yfir til virku hliðar.*
7. *B-hf., myndað á enni, stakhandartákni, lófi fram, vísifingur snertir enni.*

Flestir nota táknið númer eitt, 13 einstaklingar eða rúm 76% viðmælenda. Táknið númer tvö er eins og táknið númer eitt, fyrir utan það að einungis önnur höndin er notuð. Það er einungis einn sem notar þetta táknið. Einn notar táknið númer þrjú en það er afbrigði af táknið númer eitt, þau eru eins fyrir utan ólík handform. Nokkrir til viðbótar þekkja táknið en nota það ekki. Einn notar táknið númer fjögur og einn notar táknið númer fimm. Einn þekkir táknið númer sex og einn þekkir táknið númer sjö en þeir nota þessi táknið ekki.

Allir nema einn af yngstu kynslóðinni nota táknið númer eitt og er það eins hjá miðkynslóðinni. Sá eini af yngstu kynslóðinni sem notar annað táknið, notar táknið númer fimm. Einn af yngstu kynslóðinni þekkir einnig táknið númer þrjú en notar það ekki. Þessi eini af miðkynslóðinni sem notar ekki táknið númer eitt,

notar tákn númer þrjú. Auk þess er einn af miðkynslóðinni sem þekkir tákn númer sjö en notar það ekki. Allir nema tveir af elstu kynslóðinni nota tákn númer eitt. Annar þeirra sem notar ekki tákn númer eitt, notar tákn númer tvö og hinn notar tákn númer fjögur. Þar að auki er einn sem þekkir tákn númer sex en notar það ekki. Af þessu má sjá að ekki er mikill kynslóðamunur á táknum LÖGREGLA þó svo að einstaka tákn séu notuð fyrir utan tákn númer eitt. Notkunin á þessum einstaka táknum dreifist nokkuð jafnt á kynslóðirnar og það er ekkert óeðlilegt við það að einstaklingsmunur sé í hverri kynslóð. Þeir tveir einstaklingar sem nota tákn númer þrjú og fjögur, þau tákn sem hafa löngutangar-handform í stað vísi-handforms, eru karlar. Það má því velta því fyrir sér hvort að karlar noti almennt grófari tákn en konur og hvort þeir hafi annan táknforða, en samkvæmt minni rannsókn er ekki áberandi munur á notkun karla og kvenna á táknum.

Fyrir táknið ALDREI eru tvö afbrigði sem voru mest notuð auk þess sem eitt afbrigði var notað en ekki í miklum mæli. Auk þessara afbrigða eru tvö sem örfáir viðmælendur þekkja en nota ekki. Fyrst koma þau þrjú afbrigði sem eru notuð og hin fylgja á eftir, táknið eru eftirfarandi og lýsing á þeim:

1. *B-hf., frjálst rými, tvíhandatákn, lófi óvirku handar upp, lófi virku handar niður, virka hönd strýkur lófa óvirku handar.*
2. *B-hf., frjálst rými, tvíhandatákn, lófar beggja handa niður, lófi virku handar strýkur handarbak óvirku handar.*
3. *Vísi-hf., myndað á nös virku handar megin, stakhandartákn, lófi í átt að óvirku hönd, fingur strýkur niður hjá nös.*
4. *B-hf., frjálst rými, tvíhandatákn, lófi óvirku handar upp, lófi virku handar niður, lófi virku handar slær í lófa óvirku handar, smá færsla á hönd virku handar.*
5. *B-hf., frjálst rými, tvíhandatákn, lófar beggja handa niður, lófi virku handar slær á handarbak óvirku handar með smá færslu.*

Jafnmargir viðmælenda minna nota tákn númer eitt og tvö, það eru átta sem nota hvort tákn, eða 47%. Einungis einn notar tákn númer þrjú. Síðustu tvö táknið eru tákn sem eru einungis þekkt en ekki notuð almennt og eru þrjár sem þekkja tákn númer fjögur og einn sem þekkir tákn númer fimm. Einn viðmælendanna þekkir ekki táknið.

Flestir af yngstu kynslóðinni nota tákn númer eitt. Allir nema einn nota það, eða 75%. Flestir af elstu kynslóðinni nota tákn númer tvö, eða tæp 63%. Það eru fleiri af miðkynslóðinni sem nota tákn númer eitt, eða 60% en hin 40 prósentin nota tákn númer tvö. Það má því segja að töluverður munur sé á notkun táknsins hjá elstu og yngstu kynslóðinni en miðkynslóðin er í raun mitt á milli þeirra í notkun, þó svo að hún sé örlítið nær yngstu kynslóðinni í notkun á tákniinu. Kynslóðamunurinn liggur því hjá yngstu og elstu kynslóðinni en miðkynslóðin fylgir í raun báðum kynslóðunum. Það segir okkur að táknið sé að þróast og að það tákn sem elsta kynslóðin notar sé eldra og sé að verða óalgengara í daglegu tali en það tákn sem yngsta kynslóðin notar.

Fyrir táknið KRÓNA eru notuð fimm afbrigði. Auk þeirra er eitt afbrigði sem er þekkt en er ekki notað. Eftirfarandi eru táknið sem eru notuð:

1. *K-hf., frjálst rými, stakhandartákn, handarbak niður, höndin snýst við svo að lófinn snýr niður og handformið breytist í R-hf.*
2. *Eins og táknið KÓRÓNA - Æ-hf., myndað á höfði, stakhandartákn, lófi niður.*
3. *A-hf. á virku hönd með þumal upp, frjálst rými, tvíhandatákn(önnur hönd virk og hin óvirk, ólík handform), neðst á hönd virku handar slær í lófa óvirku handar sem hefur B-hf.*
4. *A-hf. á virku hönd með litla fingur út, frjálst rými, tvíhandatákn(önnur hönd virk og hin óvirk, ólík handform), neðst á hönd virku handar slær ofan á handarbak óvirku handar við þumal.*
5. *Eins og táknið PENINGUR - fingurgómum virku handar nuddað saman, frjálst rými, stakhandartákn, lófi upp.*

Það tákn sem er þekkt en ekki notað er:

6. *Vísi-hf., frjálst rými, tvíhandatákn(önnur hönd virk og hin óvirk, ólík handform) virka hönd í lófa óvirku handar sem hefur B-hf., fingri snúið í lófa.*

Tvö tákna eru jafn algeng á meðal viðmælenda og eru það tákn númer eitt og tvö. Þau eru algengust allra tákna, þó svo að það sé eitt tákn til viðbótar sem er álíka algengt og þau. Sex viðmælenda, eða um 35%, nota hvort táknið. Auk þeirra sem nota tákn númer eitt, eru þrjú sem þekkja táknið en nota það ekki. Auk þeirra sem nota tákn númer tvö, eru tveir sem þekkja táknið en nota það ekki. Fimm nota tákn númer þrjú, eða tæp 30% viðmælenda. Auk þeirra

eru þrír sem þekkja táknið en nota það ekki. Sjö manns eða rúmlega 41% viðmælenda nota önnur tákni en þau þrjú sem hafa verið talin upp.

Táknnotkunin fyrir þetta tákni virðist því vera nokkuð fjölbreytt. Tveir nota tákni númer fjögur auk þess sem einn þekkir það en notar það ekki. Einungis einn notar tákni númer fimm og það var enginn annar sem virtist þekkja það. Það er einn sem þekkir tákni númer sex en notar það ekki.

Allir nema einn af yngstu kynslóðinni nota tákni númer eitt. Einn þeirra notar þó einnig tákni númer tvö og einn þeirra notar einnig tákni númer fimm. Af miðkynslóðinni eru flestir sem nota tákni númer fjögur, eða 60% þeirra, en einn þeirra notar það ekki alltaf, heldur notar hann líka tákni númer tvö. Elsta kynslóðin notar tákni númer þrjú mest, en helmingur þeirra notar táknið. Það er mjög ólík skipting á táknnotkun kynslóðanna á þessu tákni og það er engin kynslóðanna með sama algengasta táknið. Það má því segja að töluverður kynslóðamunur sé á þessu tákni á milli allra kynslóða.

Fyrir táknið HUNDUR voru einungis tvö afbrigði notuð. Eftirfarandi eru táknið og lýsing á þeim:

1. *B-hf., myndað á kinn virku handar megin, stakhandartákni, lófi snýr fram, hönd strokið tvisvar sinnum við kinn, vísifingur er eini hluti handarinnar sem snertir kinnina.*
2. *B-hf., myndað á læri virku handar megin, stakhandartákni, lófa slegið tvisvar sinnum á læri virku handar megin.*

Flestir nota tákni númer eitt, eða tæp 65%. Þó eru ekki mikið færri sem nota tákni númer tvö, en tæp 53% viðmælenda nota það. Þar að auki eru fjórir sem þekkja tákni númer tvö en nota það ekki.

Allir af yngstu kynslóðinni nota tákni númer eitt en þó eru tveir sem þekkja tákni númer tvö en nota það ekki. Einnig eru allir af miðkynslóðinni sem nota tákni númer eitt en þrír þeirra nota þó einnig tákni númer tvö og því er meira en helmingur hópsins sem notar bæði táknið. Elsta kynslóðin notar tákni númer tvö mest en allir nema tveir nota það, eða 75%. Einn til viðbótar úr hópnum þekkir táknið en notar það ekki. Af þessu má sjá að notkun á tákni HUNDUR er ekki svo ólík hjá yngstu og miðkynslóðinni en mikill munur er á yngstu og elstu kynslóðinni. Þó svo að ekki sé mikill munur á yngstu og miðkynslóðinni,

Þá er heldur ekki svo mikill munur á mið- og elstu kynslóðinni því töluvert margir af miðkynslóðinni nota bæði táknið.

Fyrir táknið DAGUR eru tvö afbrigði notuð en töluverður munur er á notkun þeirra. Auk þessara afbrigða er eitt afbrigði þekkt en ekki notað. Táknin sem eru notuð eru eftirfarandi:

1. *B-hf., frjálst rými, tvíhandatákn, lófar að líkama, hendur láréttar, fingurgómar að hvor öðrum, hreyfing á höndum upp á við, fingurgómar enda upp.*

2. *B-hf., frjálst rými, stakhandartákn, lófi frá líkama, hönd lárétt, þumall snýr niður á við, fingurgómar í átt að óvirku hönd, hreyfa hönd upp í boga, fingurgómar enda upp.*

Afbrigði af tákni eitt set ég hérna fyrir neðan en það er einungis einn sem notar það og einn sem þekkir það en notar það ekki:

3. *B-hf., frjálst rými, stakhandartákn, lófi að líkama, hönd lárétt, fingurgómar í átt að óvirku hönd, þumall snýr upp á við, hreyfing á hönd upp á við, fingurgómar enda upp.*

Tákn númer eitt er algengast af táknum, en allir nema einn af viðmælendum nota það og því er einungis einn sem notar tákn númer tvö. Einn þeirra sem notar tákn númer eitt þekkir tákn númer þrjú en notar það ekki.

Allir af yngstu kynslóðinni nota tákn númer eitt, en einn þeirra þekkir tákn númer þrjú. Einnig eru allir af miðkynslóðinni sem nota tákn númer eitt. Allir nema tveir af elstu kynslóðinni nota einnig tákn númer eitt, annar þeirra sem notar það ekki, notar tákn númer tvö og hinn notar tákn númer þrjú. Það er því ekki hægt að tala um mikinn mun á milli kynslóða í þessu tákni þó svo að tveir af elstu kynslóðinni noti önnur tákn en allir hinir. Þeir sem nota það eru með þeim elstu og er ekki ólíklegt að þeir séu tveir af fáum sem nota táknið því að táknið virðast vera orðin nokkuð úrelt.

Fyrir táknið JANÚAR eru notuð tvö afbrigði. Eftirfarandi eru táknið og lýsing á þeim:

1. *B:-hf., frjálst rými, tvíhandatákn, virka hönd fer ofan á óvirku hönd og lokar lófanum og öfugt.*

2. *J-hf., frjálst rými, stakhandartákn, smá hreyfing í úlnlið til hliðar og til baka.*

Flestir nota tákn númer tvö, eða tæp 71% viðmælenda en einn til viðbótar þekkir táknið en notar það ekki. Rúmlega 41% nota tákn númer eitt en nokkrir til viðbótar þekkja táknið en nota það ekki.

Það skiptist alveg jafnt í yngstu kynslóðinni hversu margir nota táknið. Það er sem sagt helmingur sem notar hvort tákn en auk þeirra er einn sem þekkir bæði táknið. Það skiptist nokkuð jafnt í miðkynslóðinni hverjir nota hvaða tákn en 60% nota tákn númer tvö og 40% tákn númer eitt. Elsta kynslóðin skar sig svolítið úr því að í þeim hóp er meirihlutinn sem notar tákn númer tvö eða 75%. Einn notar bæði táknið númer eitt og tvö. Það er því ekki hægt að sjá mikinn mun á milli kynslóða í þessu tákni þó svo að örlítið fleiri af elstu kynslóðinni noti tákn númer tvö.

Fyrir táknið FEBRÚAR eru einungis notuð tvö afbrigði. Eftirfarandi eru táknið og lýsing á þeim:

1. *B:-hf., frjálst rými, tvíhandatákn, lófar grípa saman, handarbak óvirku handar niður, lófum nuddað örlítið saman.*

2. *F-hf., frjálst rými, stakhandartákn, lófi fram, smá hreyfing í úlnlið til hliðar og til baka.*

Flestir nota tákn númer eitt, eða um 82% viðmælenda. Einn til viðbótar þekkir þó táknið en notar það ekki. Þeir eru færri sem nota tákn númer tvö eða um 29%, en nokkrir sem þekkja það án þess að nota það.

Allir af yngstu kynslóðinni nota tákn númer eitt og tveir af þeim þekkja táknið númer tvö en nota það ekki. Allir nema einn af miðkynslóðinni nota einnig tákn númer eitt. Flestir af elstu kynslóðinni nota einnig tákn númer eitt, eða 75% þeirra. Einn þeirra notar þó bæði táknið eitt og tvö. Það er því öruggt að segja að ekki er mikill kynslóðamunur í notkun þessa tákns.

Fyrir táknið KRABBAMEIN eru tvö afbrigði notuð auk þess sem eitt afbrigði er þekkt en ekki notað. Táknið sem eru notuð er eftirfarandi:

1. *Æ-hf., hendur við líkama í frjálssu rými, tvíhandatákn, lófar niður, neðst á lófa við líkama, hreyfing fram á við frá líkama, smá hreyfing á fingrum á sama tíma.*

2. *Æ-hf., lófar að brjóstkassa í frjálssu rými, tvíhandatákn, fingur vísa upp, hreyfing í fingrum eins og verið sé að klípa.*

Það tákn sem er þekkt en ekki notað er eftirfarandi:

3. *Æ-hf., frjálst rými, tvíhandatákn, lófar að líkama, fingur vísa upp, byrja við höfuð og færsla upp á við, smá hreyfing í fingrum á sama tíma.*

Allir nema einn nota tákn númer eitt og einungis einn notar tákn númer tvö.

Það er einn sem þekkir tákn númer þrjú en notar það ekki.

Allir af yngstu og miðkynslóðinni nota tákn númer eitt og enginn þeirra þekkir annað tákn. Allir nema einn af elstu kynslóðinni nota tákn númer eitt. Það eru einstaklingar af elstu kynslóðinni sem ýmist nota eða þekkja bæði tákn tvö og þrjú. Það gefur til kynna að þetta séu gömul tákn sem eru afar lítið notuð á meðal almennings. Það er nánast enginn kynslóðamunur á notkun táknsins KRABBAMEIN fyrir utan þau tvö tákn sem einstaklingar úr elstu kynslóðinni nota og þekkja.

Fyrir táknið UNGLINGUR eru notuð þrjú afbrigði af táknuinu auk þess sem eitt tákn er þekkt en ekki notað. Táknin sem eru notuð eru eftirfarandi:

1. *A-hf., frjálst rými, tvíhandatákn, lófar niður, draga hendur að líkama.*
2. *A-hf., frjálst rými, tvíhandatákn, lófar upp, draga hendur að líkama.*
3. *A-hf., frjálst rými, stakhandartákn, lófi niður, draga hönd að líkama - afbrigði af tákni 1.*

Táknið sem er þekkt en ekki notað er eftirfarandi:

4. *Eins og táknið AKRANES - 2-hf., myndað á höku, stakhandartákn, lófi að líkama, þumall upp, vísifingur bendir í átt að óvirku hönd.*

Nánast allir nota tákn númer eitt, 14 manns eða um 82% viðmælenda. Tveir nota tákn númer tvö, en það er afbrigði af tákni númer eitt, það eina sem er ólíkt er afstaða handa. Einn notar tákn númer þrjú en það er einnig afbrigði af tákni númer eitt, þau eru eins að öllu leyti fyrir utan það að í tákni númer þrjú er einungis önnur höndin notuð. Það er einn sem þekkir tákn númer fjögur en notar það ekki.

Allir af yngstu og miðkynslóðinni nota tákn númer eitt. Einn af miðkynslóðinni þekkir tákn númer fjögur en notar það ekki. Flestir af elstu kynslóðinni nota einnig tákn númer eitt, eða tæp 63% þeirra. Þeir sem nota

ekki tákn númer eitt nota ýmist tákn númer tvö eða þrjú. Af þessu má sjá að ekki er mikill kynslóðamunur á táknu UNGLINGUR þó svo að einhver munur sé. Munurinn liggur aðallega í ólíkum afbrigðum af táknu sem elsta kynslóðin virðist einungis þekkja og nota.

Fyrir táknið ÚT eru tvö afbrigði sem eru aðallega notuð en það komu einnig fram tvö afbrigði til viðbótar sem örfáir nota. Eftirfarandi eru táknið og lýsing á þeim:

1. *T-hf., frjálst rými, stakhandartákn, snúningur í úlnlið, lófi byrjar að líkama en endar fram.*
2. *B-hf., frjálst rými, stakhandartákn, fingur upp, slá út í loftið til hliðar virku handar megin, fingur enda niður.*
3. *T-hf., frjálst rými, stakhandartákn, lófi fram, færsla í hönd til hliðar í virku átt.*
4. *Fingurgómar virku handar í öxl virku handar, stakhandartákn.*

Auk þess var eitt afbrigði sem einungis einn þekkti en notaði þó ekki:

5. *Vísi-hf., frjálst rými, stakhandartákn, bending til hliðar í átt að virku hönd.*

Flestir nota tákn númer eitt, eða tæp 65% viðmælenda. Svólítið færri nota tákn númer tvö, eða um 35% viðmælenda. Svo eru tveir sem nota tákn númer þrjú og einn sem notar tákn númer fjögur.

Allir nema einn af yngstu kynslóðinni nota tákn númer eitt en auk þess er einn sem þekkir það en notar það ekki. Af miðkynslóðinni eru 80% einstaklinganna sem nota tákn númer tvö og 60% sem nota tákn númer eitt. Af þeim fimm einstaklingum sem tilheyra miðkynslóðinni eru þrír sem nota bæði tákn númer eitt og tvö og því eru í raun bara einum færri sem nota tákn númer eitt. Dreifingin er því nokkuð jöfn á þessi tvö tákn hjá miðkynslóðinni. Flestir þeirra sem tilheyra elstu kynslóðinni nota tákn númer eitt, eða tæp 63%. Þar að auki er einn sem þekkir það en notar það ekki. Tæp 38% hópsins nota önnur tákn en fyrstu tvö sem eru algengust. Tveir nota tákn númer þrjú og einn notar tákn númer fjögur. Eins og áður kom fram þá er einn sem þekkir tákn númer fimm en notar það ekki. Það er því aðeins fólk af elstu kynslóðinni sem þekkir og notar önnur tákn en fyrstu tvö táknið. Það er ekki mikinn munur að sjá á notkun yngstu og elstu kynslóðarinnar á táknu, fyrir utan þau tákn sem einungis elsta kynslóðin notar. Þar sem einstaklingar í miðkynslóðinni nota

tákn númer tvö örlítið meira en yngsta og elsta kynslóðin væri hægt að tala um kynslóðamun þar á, en stór hluti miðkynslóðarinnar notar einnig tákn númer eitt svo erfitt er að segja að mikill kynslóðamunur sé á notkun táknsins yfir höfuð.

Fyrir táknið KONA er eitt afbrigði sem er mest notað, auk þess sem afbrigði af því tákni er einnig notað. Auk þeirra er eitt afbrigði til viðbótar sem er notað.

Táknin eru eftirfarandi:

1. *B:-hf., frjálst rými við líkama, stakhandartákn, lófi að líkama, hönd byrjar efst hjá brjósti og myndar boga yfir brjóst og höndin endar fyrir neðan brjóst, litli fingur við brjóst og lófi örlítið upp á við.*
2. *B:-hf., frjálst rými við líkama, stakhandartákn, lófi að líkama, hönd byrjar efst hjá brjósti og myndar boga yfir brjóst og höndin endar fyrir neðan brjóst, litli fingur við brjóst og lófi örlítið upp á við, hreyfing stærri og grófari.*
3. *Eins og táknið STELPA - vísi+þumal-hf., myndað á bringu, stakhandartákn, fingurgómar vísi og þumals saman, lófi að líkama, fingurgómar snerta bringu og færast svo örlítið frá, endurtekið einu sinni.*

Í tákni númer tvö er talað um að hreyfing þess sé stærri og grófari en í tákni númer eitt. Oft var erfitt að gera sér grein fyrir því hvort einstaklingar voru að mynda tákn númer eitt eða tvö en í einstaka tilfellum var án nokkurs vafa verið að mynda tákn númer tvö. Það sást á því að höndin var mun lengra frá líkama en í tákni númer eitt, auk þess sem hreyfingin sem er mynduð meðfram brjósti var mun óskýrari í tákni númer tvö en í tákni númer eitt.

Tákn númer eitt er algengasta táknið, en það eru 14 sem nota það, eða um 82% viðmælenda. Einungis tveir nota tákn númer tvö og eru þeir báðir karlar. Það þarf þó ekki að þýða að áberandi kynjamismunur sé á íslensku táknmáli almennt. Það er einn sem notar tákn númer þrjú, auk þess sem tveir þekkja það en nota það ekki.

Allir af yngstu kynslóðinni nota tákn númer eitt og enginn þeirra þekkir nein önnur tákn. Flestir af miðkynslóðinni nota tákn númer eitt, eða 60% þeirra. Þeir sem nota það ekki nota tákn númer tvö sem er í raun einungis annað afbrigði af tákniinu. Auk þess er einn sem þekkir tákn númer þrjú en notar það ekki. Allir nema einn af elstu kynslóðinni nota einnig tákn númer eitt en sá sem notar það ekki notar tákn númer þrjú. Auk þess er einn sem þekkir

tákn númer þrjú en notar það ekki. Af þessu má sjá að algengasta táknið hjá öllum kynslóðum er tákn númer eitt og því ekki mikill munur á milli kynslóða. Enginn af yngstu kynslóðinni þekkir eða notar tákn númer þrjú, notkun þess tilheyrir því einungis elstu kynslóðinni, auk þess sem einn af miðkynslóðinni þekkir táknið en notar það ekki. Munur á milli kynslóðanna er, eins og áður sagði, ekki mikill en munurinn liggur í því að miðkynslóðin og elsta kynslóðin þekkja fleiri tákn en yngsta kynslóðin og þekkja og nota tákn sem yngsta kynslóðin þekkir ekki. Þau tákn virðast því ekki hafa fylgt elstu kynslóðinni áfram því að táknið eru nánast óþekkt hjá miðkynslóðinni og algjörlega óþekkt hjá yngstu kynslóðinni. Tveir nota tákn númer tvö og í báðum tilvikum er það karlmaður. Það má því velta því fyrir sér hvort karlar noti almennt grófari tákn en konur en út frá minni rannsókn er ekki hægt að sjá að svo sé nema þá í einstaka táknum en það er frekar undantekning en venja að svo sé.

Fyrir táknið STRÁKUR er einungis eitt afbrigði sem allir viðmælendur nota.

Táknið er:

1. *B-hf., myndað á læri virku handar megin, stakhandartákn, fingur vísa niður, slá lófa á læri.*

Eins og áður sagði nota allir viðmælendur mínir þetta tákn. Þetta er annað af tveimur táknum úr rannsókn minni þar sem allir nota sama táknið. Það er því enginn kynslóðamunur á tákniinu.

Fyrir táknið OG er eitt afbrigði sem er mest notað en auk þess er eitt afbrigði til viðbótar sem er notað. Táknið OG er einnig hægt að segja án þess að nota tákn og er það gert með færslu á líkama og svipbrigðum í andliti. Það eru einnig örfáir sem stafa táknið. Táknið eru eftirfarandi:

1. *B:-hf., frjálst rými, tvíhandatákn, lófi óvirku handar upp, lófi virku handar niður, fingurgómar í átt að fingurgómum gagnstæðu handar, fingur tengdir saman.*

2. *Táknið fyrir +(plús) - vísi-hf., frjálst rými, tvíhandatákn, lófi óvirku handar að líkama, lófi virku handar í átt að óvirku hönd, óvirka hönd lárétt, fingur benda í átt að virku hönd, óvirka hönd lóðrétt, fingur bendir upp, hægri hlið fingurs á virku hönd lagður innan á fingur óvirku handar.*

Það eru talin íslenskuáhrif á táknmálið að nota tákn fyrir OG. Það sem er talið réttast er að nota færslu á líkama og svipbrigði í andliti til að sýna táknið OG. Athyglisvert er þó að velja því fyrir sér hvort það gæti hafa haft áhrif á notkun viðmælenda minna á þessu tákni að ég var að spyrja um það. Þetta er eina táknið í rannsókn minni sem er ekki eðlilegt að framkvæma með tákni og því gæti spurning mín um það hafa haft þau áhrif að viðmælendur notuðu frekar tákn fyrir það vegna þess að ég er heyrandi, því að það er jú talað um að táknið sjálft sé undir áhrifum frá íslenskunni. Það gæti einnig verið á hinn bóginn, þ.e. að viðmælendur sýndu mér frekar að þeir notuðu ekki tákn fyrir þetta hugtak til að sýna að táknmálið er sjálfstætt mál sem þarf ekki að vera undir áhrifum frá íslenskunni.

Átta manns, eða tæpur helmingur notar tákn númer eitt, 47% viðmælenda, auk þess sem einn þekkir það. Rúmlega helmingur, níu manns, nota færslu í líkama og svipbrigði í andliti til þess að tákna OG, eða tæp 53% viðmælenda. Einn notar tákn númer tvö ef þörf er á að leggja áherslu á eitthvað, en annars notar hann færslu í líkama og svipbrigði. Auk þess er einn sem notar tákn númer tvö alltaf.

Allir nema einn af yngstu kynslóðinni nota tákn númer eitt og því má telja að táknmál yngstu kynslóðarinnar sé að einhverju leyti smitað af íslenskuáhrifum. Íslenskuáhrif koma úr umhverfi heyrandi og það gæti verið að yngsta kynslóðin sé tengdari umhverfi heyrandi heldur en eldri kynslóðirnar og þess vegna noti flestir af yngstu kynslóðinni táknið fyrir OG. Allir af miðkynslóðinni nota færslu í líkama og svipbrigði fyrir táknið en auk þess er einn sem notar ýmist færslu og svipbrigði eða táknið fyrir OG. Helmingur elstu kynslóðarinnar notar tákn númer eitt, auk þess sem einn þekkir það en notar það ekki. Hinn helmingur hópsins notar ýmist færslu í líkama og svipbrigði, tákn númer tvö eða stafar táknið OG. Elsta kynslóðin virðist að einhverju leyti verða fyrir íslenskuáhrifum eins og yngsta kynslóðin og getur það stafað bæði af því að umhverfi heyrandi hefur mikil áhrif og af því að elsta kynslóðin fékk ekki sambærilega táknmálskenndu og hinar kynslóðirnar og það er hugsanlegt að mikilla íslenskuáhrifa hafi gætt í kenndu heyrnarlausra hér áður fyrr þegar táknmálið var bannað í skólum. Líklegt er að ólíkar ástæður séu fyrir því hvers vegna yngsta og elsta kynslóðin noti táknið OG. Það er því óhætt að segja að nokkur kynslóðamunur sé á táknið en það er aðallega miðkynslóðin sem sker

sig frá yngstu og elstu kynslóðinni í notkun. Það er þó einhver munur á notkun yngstu og elstu kynslóðarinnar því að elsta kynslóðin hefur fjölbreyttari táknoforða fyrir táknið OG en yngsta kynslóðin. Þau tákni sem elsta kynslóðin notar en yngsta og miðkynslóðin nota ekki eru því líklega mun eldri tákni en hinar tvær kynslóðirnar hafa tileinkað sér.

Fyrir táknið NYR eru tvö afbrigði notuð. Annað þeirra er þó mun algengara en hitt. Táknin eru eftirfarandi:

1. *Þumal+vísi-hf., myndað á höku, stakhandartákn, lófi að líkama, fingurgómar beggja fingra á höku.*
2. *B-hf., fingur á höku, stakhandartákn, lófi fram, hönd færast fram frá höku.*

Tákn númer eitt er mun algengara og þekktara en tákni númer tvö. Það eru 15 sem nota það, eða um 88% viðmælenda. Auk þeirra er einn sem þekkir táknið en notar það ekki. Einn notar tákni númer tvö en enginn annar þekkir það. Einn viðmælendanna þekkir ekki tákni fyrir þetta orð.

Allir af yngstu og miðkynslóðinni nota tákni númer eitt og enginn þeirra þekkir tákni númer tvö. Allir nema tveir af elstu kynslóðinni nota tákni númer eitt, eða 75% þeirra. Auk þeirra er einn sem þekkir táknið en notar það ekki. Af þessu má sjá að nánast enginn kynslóðamunur er á notkun þessa tákns. Bæði sá sem notar tákni númer tvö og sá sem þekkir ekki táknið er af elstu kynslóðinni og því má segja að örlítill kynslóðamunur sé þar á en hann er mjög lítill.

Fyrir táknið DÖFF⁶ er einungis eitt tákni notað en auk þess er eitt afbrigði sem er þekkt en ekki notað. Táknin sem er notað er eftirfarandi:

1. *H-hf., myndað á kinn virku handar við eyra, stakhandartákn, fingur lagðir á kinn við eyra, lófi að kinn.*

Táknið sem er þekkt en er ekki notað er táknið fyrir MÁLLAUS:

2. *Vísi-hf., myndað á andliti, stakhandartákn, fingur fyrst lagður á kinn við munn virku handar megin, svo óvirku handar megin og endar á höku, lófi alltaf í átt að óvirku hönd.*

Allir nota tákni númer eitt en tveir þeirra þekkja einnig tákni númer tvö en nota það ekki. Einn af miðkynslóðinni þekkir tákni númer tvö og einn af elstu

⁶ Döff er orð sem notað er yfir heyrnarlausu einstaklinga sem skilgreina sig menningarlega heyrnarlausu og tala tákni. Orðið er dregið af munnhreyfingu íslenska táknsins sem er <döff >.

kynslóðinni. Enginn af yngstu kynslóðinni þekkir þetta tákni. Það er enginn kynslóðamunur í notkun á þessu tákni og eini munurinn kemur því fram í þekkingu kynslóðanna á öðrum táknum og í þessu tilviki eru það mið- og elsta kynslóðin sem þekkja annað tákni en það sem er notað og er því munur á milli þeirra og yngstu kynslóðarinnar hvað það varðar.

Fyrir táknið MÚS eru notuð fjögur afbrigði. Auk þess er eitt afbrigði sem er þekkt en ekki notað. Táknin sem eru notuð eru eftirfarandi:

1. *B:-hf., myndað á höfði, tvíhandatákn, lófar fram, hendur rétt fyrir ofan eyru, smá hreyfing á fingrum(eins og það sé verið að vinka).*
2. *B:-hf., myndað á höfði, stakhandartákn, lófi fram, hönd rétt fyrir ofan eyra, smá hreyfing á fingrum(eins og það sé verið að vinka).*
3. *V:-hf., myndað á höku, stakhandartákn, fingurgómar á höku, lófi að líkama.*
4. *R:-hf., myndað á vörum, stakhandartákn, lófi í átt að óvirku hönd.*

Það tákni sem er þekkt en ekki notað er:

5. *B:-hf., myndað á og við nef, tvíhandatákn, fingurgómar saman, lófar á móti hvor öðrum, eins og tjald, hendur byrja hjá nefi og færast fram á við.*

Tákni númer eitt er algengasta táknið. Það eru tíu sem nota það, eða tæp 60% viðmælenda. Auk þeirra er einn sem þekkir táknið en notar það ekki. Tákn númer tvö er eins og tákni númer eitt að öllu leyti, fyrir utan það að í tákni tvö er einungis önnur höndin notuð. Það eru fimm sem nota það, eða tæp 30% viðmælenda. Tveir nota tákni númer þrjú og einn notar tákni númer fjögur. Þar að auki eru tveir sem þekkja tákni númer fjögur en nota það ekki. Tveir þekkja tákni númer fimm en nota það ekki.

Allir af yngstu kynslóðinni nota tákni númer eitt en auk þess er einn þeirra sem þekkir einnig tákni númer fjögur en notar það ekki. Þrjú af miðkynslóðinni nota tákni númer eitt, eða 60% þeirra. Hinir tveir sem nota það ekki nota tákni númer tvö, sem svipar til tákns númer eitt. Af þessari kynslóð eru tveir sem þekkja tákni númer fimm en nota það ekki. Af elstu kynslóðinni eru flestir sem nota tákni númer tvö, eða tæp 40% hópsins. Tveir, eða 25% hópsins, nota tákni númer eitt en auk þeirra er einn sem þekkir táknið en notar það ekki. Tveir nota tákni númer þrjú og einn notar tákni númer fjögur. Á þessu má sjá að nokkur kynslóðamunur er á notkun táknsins mús. Mesti munurinn er á elstu kynslóðinni og hinum tveimur þó svo að örlítill munur sé á yngstu og

miðkynslóðinni. Mesti munurinn er þó á yngstu og elstu kynslóðinni og sýnir það að táknið hefur þróast þó nokkuð.

4.3 Niðurstöður

Niðurstöður rannsóknar minnar sýna að töluverður kynslóðamunur sé á málfari heyrnarlausra á Íslandi. Munurinn er að sjálfsögðu mismikill eftir táknum eins og gengur og gerist í öllum tungumálum, bæði táknmálum sem og raddmálum. Oft og tíðum er það einungis eitt tákn sem ein kynslóðin notar sem hinar nota ekki og þá er talað um kynslóðamun að einhverju leyti. Munur getur einnig verið einstaklingsbundinn og þó svo að munur sé á málfari eftir kynslóðum getur einnig verið einstaklingsmunur innan hverrar kynslóðar eins og sjá má til dæmis í tákni LÖGREGLA. Það var þó enginn einn sem skar sig sérstaklega úr hópnum með öðruvísi táknanotkun en hinir, það er mjög misjafnt hvaða einstaklingur notar annað tákn en aðrir hverju sinni, hér er því oft um einstaklingsmun að ræða. Samfélag heyrnarlausra er ekki stórt hér á landi og því voru viðmælendur mínir ekki margir. Oft og tíðum var þó augljós munur á milli kynslóða og enginn vafi á því að munur er á táknanotkun á milli kynslóða. Oft og tíðum var mestur munur á milli yngstu og elstu kynslóðarinnar og mætti eflaust útskýra þann mun með menntunarbakgrunn viðmælenda í huga því að, eins og áður kom fram, hafa kennsluaðferðir og kennslustefnur í kennslu heyrnarlausra breyst mikið í gegnum tíðina. Því er ekki ólíklegt að elsta fólkið í samfélagi heyrnarlausra í dag hafi fengið töluvert slakari táknaáskennslu en þeir sem yngri eru og eins og Brentari (2010:482) talar um í sambandi við tilbrigði í Auslan, NZSL og BSL að þá er enginn vafi á því að þessar ólíku kennsluaðferðir á milli kynslóða hafi haft töluverð áhrif á tilbrigði í táknanotkun þeirra. Það var nokkuð algengara að miðkynslóðin notaði bæði tákn yngstu og elstu kynslóðarinnar og þeir áttu það jafnvel til að laga táknið að aðstæðum eftir því hvort þeir voru að ræða við yngra eða eldra fólk. Einstaka sinnum komu upp tákn sem einungis örfáir viðmælenda minna notuðu eða þekktu. Þeir sem þekktu þessi tákn voru yfirleitt einstaklingar af elstu kynslóðinni. Þessi tákn gætu því verið tákn sem þekkjast helst á meðal þeirra og eru hugsanlega að verða úrelt.

Ekki var hægt að sjá kynjabundinn mun á táknum í rannsókninni en í einstaka táknum var þó hægt að velta því fyrir sér hvort mögulega væri munur á notkun kynjanna á þessum ákveðnu táknum, eins og til dæmis í táknum LÖGREGLA og KONA. Það virtist þó ekki vera nein almenn regla á því hvort og hvenær karlar notuðu tákn ólík þeim sem konur notuðu.

Táknmál eru í stöðugri þróun, rétt eins og öll raddmál, og því er athyglisvert að velta því fyrir sér hvort það sé yngsta kynslóðin sem hefur mest áhrif á þróun málsins. Yngsta kynslóðin virðist oft nota það tákn sem er algengast í notkun og því má leiða líkur að því að táknið þróist með notkun hennar á þeim. Í tákni FRÍ til dæmis, er það yngsta kynslóðin sem notar eitt táknið mest og í því tákni hefur handformið breyst í „einfaldara“ handform, þ.e. handformið er þægilegra í notkun og auðveldara að mynda það heldur en hitt. Spurningin er því hvort yngsta kynslóðin einfaldi handform tákna og geri táknið með því þægilegri í notkun. Það er ekki hægt að sjá „einföldun“ á handformum margra tákna í þessari rannsókn en áhugavert væri að gera rannsókn á því og sjá hvort að einföldun tákna sé í raun mikil í íslensku táknmáli.

Í sumum táknum í rannsókninni, eins og DAGUR og UNGLINGUR, var hægt að sjá mun á afbrigðum tákna sem fólst í því að misjafnt var hvort önnur eða báðar hendur voru notaðar við myndun tákns. Það má því velta því fyrir sér hvort það sé aðstæðubundið hvort stak- eða tvíhandatákn eru notuð, eins og Deuchar (1981, tilvitnað eftir Brentari 2010:495) talar um hér að framan eða hvort tákn, eins og þessi, séu að þróast úr tvíhandatáknum í stakhandartákn vegna þróunar í tungumálinu.

Eins og fram kemur í umræðu um táknið OG hér að framan, þá virðast bæði elsta og yngsta kynslóðin verða fyrir íslenskuáhrifum að einhverju leyti í notkun sinni á táknum. Woll (1991, tilvitnað eftir Lucas o.fl. 2001:87) talar um að aðalástæðan fyrir slíkum kynslóðamun í BSL, og þá aðallega mikil enskuáhrif meðal yngstu kynslóðarinnar, sé hvað það séu fáar heyrnarlausar fjölskyldur og það sama má segja um fjölskyldur heyrnarlausra á Íslandi. Woll segir að það að heyrnarlaust barn fæðist inn í heyrandi fjölskyldu valdi rofi á milli kynslóða og það gæti einnig útskýrt þann kynslóðamun sem er á notkun tákna hér á landi. Woll talar einnig um að slíkan kynslóðamun megi rekja til breytinga í menntakerfinu fyrir heyrnarlausra en elsta kynslóðin fékk ekki sambærilega táknaáhrif og hinar kynslóðirnar og það er hugsanlegt að

mikilla íslenskuáhrifa hafi gætt í kennslu heyrnarlausra hér áður fyrr þegar táknmálið var bannað í skólum. Í þriðja og síðasta lagi talar Woll um að kynslóðamuninn megi rekja til breytinga á tækni, en eins og fram kemur í rannsókn Johnston og Schembri (2007:48-49) á Auslan, þá gæti eldra fólkið átt það til að nota annað tákni en yngra fólkið fyrir sama hlutinn. Þeir segja að hlutir þróist og breytist með tímanum, sérstaklega þeir hlutir sem snúa að tækni, og því sé eðlilegt að tákni þróist og breytist með breyttu útliti eða breyttri virkni hluta.

Lokaorð

Í upphafi ætlaði ég mér að rannsaka almenn tilbrigði í íslensku táknmáli. Ég sá fljótlega, eftir að hafa velt þessu svólítið fyrir mér, að úr of miklu hefði verið að moða hefði ég rannsakað öll þau tilbrigði sem finnast í íslensku táknmáli. Ég ákvað því að velja mér einn áhrifaþátt í málinu og rannsaka hann nánar. Eftir að hafa kynnst táknmálinu í gegnum námið og samfélag heyrnarlausra hafði ég séð og áttað mig á því að fólk af ýmsum aldri notaði oft á tíðum ólík tákn yfir sama hlutinn. Það þótti mér áhugavert og ákvað ég að gera frekari rannsókn á því hvort það gæti í raun og veru farið eftir aldri fólks hvaða tákn það notaði.

Rannsóknir á táknmálssamfélaginu eru nýtt fræðasvið hér á landi og því eru allar rannsóknir á íslenska táknmálinu vel þegnar inn í fræðaheiminn og munu vafalaust nýtast í komandi rannsóknum á þessu sviði. Mikilvægt er að halda rannsóknum á íslenska táknmálinu áfram því að með slíkum rannsóknum er jafnframt verið að skrifa og skjalfesta sögu heyrnarlausra.

Táknmál er flókið og margþætt tungumál og er stór hluti af menningu og samfélagi heyrnarlausra. Með rannsókn minni er það von mín að fólk sem vill eða er að læra táknmál geti gert sér betri grein fyrir því hversu margþætt tungumálið er og geti áttað sig á þeim fjölbreytileika sem orðaforði þess ber í skauti sér.

Ég er þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að gera þessa rannsókn og það hefði ekki verið möguleiki ef ekki hefði verið fyrir allt það hjálpsama fólk úr samfélagi heyrnarlausra sem tók þátt í rannsókn minni.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla 1999. Almennur hluti. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Aldersson, Russel R. og Lisa J. McEntee-Atalianis. 2007. „A Lexical Comparison of Icelandic Sign Language and Danish Sign Language“. *BISAL* 2:123-158. (Sjá líka: <http://www.bisal.bbk.ac.uk/publications/volume2/papers/article6>) (Sótt 24. febrúar 2011)
- Anney Þórunn Þorvaldsdóttir. 2007. *Táknmál. Táknmálsbann*. Sótt af: http://is.wikibooks.org/w/index.php?title=Kerfiss%C3%AD%C3%B0a:Book&bookcmd=download&collection_id=3cc0801c18808cdc&writer=rl&returnto=T%C3%A1knm%C3%A1l
- Bryndís Guðmundsdóttir og Guðmundur Egilsson. 1989. *Heyrnarlausir á Íslandi sögulegt yfirlit*. Félag heyrnarlausra í samvinnu við Fjölsýn Forlag. Reykjavík.
- Chambers, J.K. 2003. *Sociolinguistic theory: linguistic variation and its social significance*. Blackwell Publishing.
- Gregory, Susan. 1995. „Áhrif kuðungsígræðslu: Matsþættir sem lúta að lífsgæðum heyrnarlausra barna og fjölskyldna þeirra“. *Döfblaðið*. 2. tbl. 5. árg. september 2002. Fréttabréf Félags Heyrnarlausra. Þýtt af: Svandís Svavarsdóttir.
- Johnston, Trevor og Adam Schembri. 2004. *Sociolinguistic variation in Auslan (Australian Sign Language): A research project in progress*. Renwick College, University of Newcastle/Royal Institute for Deaf and Blind Children.
- Johnston, Trevor og Adam Schembri. 2007. *Australian Sign Language (Auslan): An Introduction to Sign Language Linguistics*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Júlía G. Hreinsdóttir. 2002. Hvernig hefur táknmálsmenntun heyrnarlausra verið háttáð?. *Vísindavefurinn*. Sótt af: <http://visindavefur.is/?id=2249> þann 1.4.2011.

Lucas, Ceil, Robert Bayley, Clayton Valli, Mary Rose og Alyssa Wulf. 2001. „Sociolinguistic variation“. Í *The Sociolinguistics of Sign Languages*. Ritstj. C. Lucas. Cambridge University Press, Cambridge.

Lucas, Ceil, Robert Bayley, og Clayton Valli. 2001. *Sociolinguistic Variation in American Sign Language*. Gallaudet University Press. Washington, D.C.

Lucas, Ceil, Clayton Valli, Kristin J. Mulrooney. 2005. *Linguistics of American Sign Language: an introduction*. Clerc Books. Gallaudet University Press. Washington, D.C.

Reynir Berg Þorvaldsson. 2010. *Saga heyrnarlausra á Íslandi*. Reykjavík: Félag heyrnarlausra.

Schembri, Adam o.fl. 2010. „Sociolinguistic variation in British, Australian and New Zealand Sign Languages“. Í *Sign Languages*. Ritstj. D. Brentari. Cambridge University Press, Cambridge.


Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007. Áfangaskýrsla nr. 1. Könnun á starfsemi Heyrnleysingjaskólans 1947-1992, vistheimilisins Kumbaravogs 1965-1984 og skólaheimilisins Bjargs 1965-1967, 2009:115. Sótt af: <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/2009-09-afangaskyrsla1-konnun-barnaheimila.pdf>.

Sutton-Spence, R. & B. Woll. 1999. *The Linguistics of British Sign Language*. Cambridge: Cambridge University Press.


Táknmálsorðabók. 1988. Reykjavík: Félag heyrnarlausra.

Viðauki

Hér fyrir neðan eru útskýringar á þeim handformum sem notuð voru í táknum rannsóknarinnar. Myndirnar eru fengnar úr Táknmálsorðabók sem var gefin út árið 1988 af Félagi heyrnarlausra. Einstaka myndir eru fengnar víðs vegar af veraldarvefnum.




A-handform




B-handform


B:-handform = fingur beygðir niður svo þeir verða láréttir og í einstaka tilfellum einnig bognir.




C-handform




C-handform úr ASL




D-handform




E-handform




F-handform




H-handform




J-handform




K-handform




M-handform



R-handform




T-handform




V-handform


V:-handform = fingur bognir




Æ-handform




Vísí-handform



Þumal-handform



2-handform



5-handform



Langatöng-handform